Sveigjanlegt nám við Háskólann á Akureyri - Stefnumótun

Skýrsla starfshóps

Starfshópinn skipa:

Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir forstöðumaður RHA, formaður,
Helgi Bergs lektor viðskipta- og raunvísindasviði,
Kjartan Ólafsson lektor hug- og félagsvísindasviði,
Kristjana Fenger lektor Heilbrigðisvísindasviði og
Sigrún Magnúsdóttir gæðastjóri.

Starfsmenn nefndarinnar eru:
Daníel Freyr Jónsson verkefnisstjóri fjarnáms og prófa,
Erlendur Steinar Friðriksson verkefnisstjóri í upplýsingatækni.
Ráðgjafi er ***Anna Ólafsdóttir*** lektor hug- og félagsvísindasviði.

EFNISYFIRLIT

1 Inngangur ... 3
2 Stöðugreining ... 4
2.1 Sagan ... 4
2.2 Vægi fjarnáms ... 5
2.3 Stoðir fjarnáms og fjarkennslu ... 7
2.3.1 Myndfundir ... 7
2.3.2 Vefkennslukerfi ... 8
2.3.3 Upptökur ... 8
2.3.4 Stefanía ... 9
2.3.5 Símenntunarstöðvar ... 9
2.4 Skipulag fjarkennslu ... 9
2.5 Fræðasvið HA ... 10
2.5.1 Heilbrigðisvísindasvið ... 10
2.5.2 Hug- og félagsvísindasvið ... 12
2.5.3 Viðskipta- og raunvísindasvið ... 13
2.6 Stoðþjónustan ... 15
2.7 Samstarfsaðilar Háskólans á Akureyri í fjarnámi: ... 16
2.8 Viðhorf fjarnema ... 19
2.8.1 Rýnihópaviðtöl við nema í hjúkrunar-, kennara- og viðskiptafræði ... 19
2.8.2 Könnun meðal brautskráðra viðskiptafræðinema ... 21
2.8.3 Könnun meðal fyrsta árs nema í iðjuþjálfunarfræðum að loknum samkeppnisprófum ... 23
3 Sveigjanlegt nám - kennsluhættir ... 26
3.1 Skilgreiningar ... 26
3.2 Skipulag og framkvæmd námskeiða ... 27
3.3 Námsmat ... 30
4 Stefnumótun ... 32
4.1 Leiðir til úrbóta ... 34

5 Lokaorð 38
6 Heimildaskrá 39
7 Viðaukar 41
7.1 Nýliðun í fjarnámi og staðarnámi 41
7.2 Kennslulausnir 42
7.3 Yfirlit fjarkennslustaða 43
7.4 Samtök Símenntunarmiðstöðva á Íslandi (KVASIR) 45
7.5 Tilraunanámskeið 46

MYNDASKRÁ

Mynd 1. Hlutfall nema eftir námsformi. 5
Mynd 2. Fjöldi nema eftir námsformi. 6
Mynd 3. Hlutfall fjarnema í hópi nýnema í völdum deildum skólans. 6
Mynd 4. Fjarkennslustaðir frá HA. 17
Mynd 5. The relationship of e- learning to distributed learning, ... 26
Mynd 6. Heuristic model of influences on student learning within an interactive system 29

1 Inngangur

Með bréfi dagsettu 27. nóvember 2008 skipaði Þorsteinn Gunnarsson þáverandi rektor Háskólans á Akureyri (HA) starfshóp sem ætlað var að fjalla um námsframboð, skipulag, undirbúning, kennslufræði, tækni og gæði fjarkennslu. Farið var fram á að hópurinn hefði það að markmiði að; **greina færar leiðir til að gera háskólann leiðandi í þróun fjarnáms á Íslandi í samstarfi við símenntunarstöðvar og háskólasetur á landsbyggðinni** samkvæmt samningi háskólans við menntamálaráðuneyti frá 18. desember 2007. Annað markmið var að starfshópurinn leitaði leiða til að **fjarnám við HA verði aðgengilegt sem flestum landsmönnum með tilskilinn undirbúning.** Skipulag og framkvæmd á allri fjarkennslu þarf að taka mið af þeim kennslufræðilegu markmiðum og gæðasjónarmiðum sem felast í heildarstefnu háskólans. Tillögur hópsins skyldu liggja fyrir eigi síðar en 1. apríl 2009. Hinn 15. maí 2009 skilaði starfshópurinn áfangaskýrslu til rektors. Í framhaldinu endurnýjaði rektor umboð starfshópsins til að vinna lokaskýrslu. Fyrirliggjandi skýrsla er lokaskýrsla starfshópsins sem skilað verður til rektors hinn 20. maí 2010.

Með skipunarbréf rektors að leiðarljósi þarf stefna um fjarnám við HA að skoðast með hliðsjón af stefnu háskólans um:

- Krefjandi og persónulegt námsumhverfi
- Öflugt rannsóknastarf
- Virk tengsl við samfélagið
- Alþjóðlegt samstarf og viðurkenningu
- Skilvirka skipulagsheild

Áður en lengra er haldið er mikilvægt að gera grein fyrir hvernig staða fjarnáms við HA er í dag. Skýrsla þessi er þannig upp byggð að fyrst verður skýrt frá stöðu fjarkennslu við skólann almennt í sögulegu samhengi og með tölfræði samantekt. Þá verður rakið í stuttu máli eftir fræðasviðum hvaða námskeið eða námsleiðir eru boðinn í fjarnámi og hvernig kennslufyrirkomulagi er háttað. Því næst verður reynt að greina leiðir og koma með tillögur í samræmi við það verkefni sem vinnuhópnum var falið að leysa. Að lokum er stutt samantekt á tillögum vinnuhópsins.

Vinnuhópurinn leggur eftirfarandi til:

- Að hætt verði að gera greinarmun á staðar- og fjarnámi
- Að í boði verði aukinn sveigjanleiki hvað varðar stað og stund náms
- Að fræðasvið skipuleggi nám með hámarksveigjanleika án þess að rýra gæðin
- Að vorið 2011 verði gerð tilraun með hönnun og þróun þriggja valinna námskeiða með nýja hugmyndafræði að leiðarljósi

2 Stöðugreining

2.1 Sagan

Skipulögð fjarkennsla við Háskólann á Akureyri (HA) hófst haustið 1998[1] þegar boðið var upp á fjarnám í hjúkrunarfræði, þar sem staðarnemum á Akureyri og fjarnemum á Ísafirði var kennt samtímis frá Akureyri með gagnvirkum myndfundabúnaði.

1999 var boðið uppá fjarnám í leikskólakennarafræðum. Fjarnemum og staðarnemum var kennt í aðskildum hópum í tíma og rúmi. Staðarnemar fengu þá hefðbundna kennslu á staðnum og fjarnemar sambærilega kennslu nema gegnum myndfundabúnað. Tíu árum síðar breyttust áherslurnar og var farið að kenna þessum hópum saman.

2000 fór af stað fjarnám í viðskiptafræði þar sem 15 manna hópur í Keflavík skráði sig til náms. Fjarhópnum var kennt utan hefðbundins skrifstofutíma um myndfundabúnað. Ári síðar var námið boðið á landsvísu og innrituðu sig 153 fjarnemar á 12 stöðum víðsvegar um landið. Til að byrja með var hópnum skipt í fernt og kennt á 3 staði í senn (endurtekið 4 sinnum) en fljótlega var kennslan sameinuð og kennt á alla staðina í einu um myndfundabúnað. Óhætt er að segja að slík notkun myndfundabúnaðar hafi á þeim tíma þótt byltingarkennd og jafnvel óraunhæf. Þess má geta að í gegnum menntabrúna er hægt að tengja saman 48 staði í einu. Á þessum tíma hófst einnig markviss notkun á kennslukerfinu WebCT.

2002 var kynnt fjarnám í sjávarútvegsfræði. Þar var lagt upp með upptökur úr tímum staðarnema, fundum í netfundakerfi (WebDemo) og kennslukerfið WebCT. Fljótlega var netfundakerfið aflagt og meiri áhersla lögð á einstaklingsmiðuð samskipti og námslotur.

2004 hófst svo fjarnám í grunnskólakennarafræði með sama sniði og tekið var upp í leikskólakennarafræði fimm árum fyrr sbr. að ofan.

2008 hófst fjarnám í iðjuþjálfunarfræði þar sem lagt var upp með að námið væri óháð stund og stað og því notaðar upptökur, Web CT og netfundakerfi (WebEx), ásamt námslotum á Akureyri.

[1] Árinu áður höfðu nokkrir nemar fengið að skrá sig til náms, með nokkurskonar utanskóla fyrirkomulagi.

2.2 Vægi fjarnáms

Hlutfall fjarnema, frá árinu 2001 hefur verið 30-40% af heildarfjölda nema háskólans, sjá mynd 1.



Mynd 1. Hlutfall nema eftir námsformi.

Á árunum 1999-2001 hækkaði hlutfall fjarnema við HA nokkuð skarpt, enda var þá námsbrautum í fjarnámi að fjölga, nýir árgangar nema bættust við og nokkur tími leið þar til þeir fyrstu útskrifuðust. Á árunum 2001-2003 var hlutfallið rúm 40%, þar komu inn afar stórir fjarnemahópar, fyrst 2001 þegar fjarnám í viðskiptafræði var boðið á landsvísu og svo 2003 þegar fjarnám í viðskiptafræði var boðið á höfuðborgarsvæðinu með aðstöðu í Hafnarfirði. Til ársins 2007 lækkaði þetta hlutfall niður í rúm 30%, enda voru þá nemar að útskrifast úr áðurnefndum stórum árgöngum, auk þess sem hlutfall nema í lotubundnu námi hækkaði. Árin 2007-2009 hélst svo hlutfall fjarnema í rúmum 30%.

Þegar rýnt er í tölurnar á bakvið hlutföllin sést að sveiflur í fjölda fjarnema eru nokkurn veginn í takti við sveiflur í fjölda staðarnema. Þannig er vöxtur til ársins 2003 á mesta vaxtarskeiði skólans, en örlítill samdráttur er svo á árunum 2004-2007 í „góðærinu mikla“. Af því má draga þá ályktun að áhrifavaldar á það hvort nemar hefja nám eða ekki, eru með svipuðum hætti hjá staðarnemum og fjarnemum, sjá mynd 2.



Mynd 2. Fjöldi nema eftir námsformi.

Fjarnám er ekki í boði á öllum námsleiðum skólans, því getur verið fróðlegt að skoða hlutfall fjarnema í hópi nýnema á námsleiðum þar sem fjarnám er í boði. Þetta hlutfall er nokkuð breytilegt milli ára og námsleiða. Heilt yfir hefur það þó farið hækkandi og var á haustmisseri 2009 að meðaltali um 60%. Athygli vekur hversu hlutfallið í kennarafræðum er lágt síðustu 3 ár eða rúm 40%. Sjá mynd 3.



Mynd 3. Hlutfall fjarnema í hópi nýnema í völdum deildum skólans.

Á sama tíma og aðsókn í kennarafræði við HA minnkar hefur aðsókn í fjarnám í kennarafræðum hjá menntavísindasviði HÍ (M-HÍ) verið mjög góð. Ágætt er að hafa í huga að fyrirkomulag fjarnáms við M-HÍ bíður uppá meiri sveigjanleika en námið við HA, slíkt gæti haft áhrif. Mjög hátt hlutfall (85%) fjarnema í viðskiptafræðum vekur einnig athygli, en þar er rétt að hafa í huga að sambærilegt fjarnám við ríkisháskóla er ekki í boði. Þessi hlutföll fjarnema (40-85%) mætti nota til að spá fyrir um fjölda fjarnema á þeim námsleiðum hvar fjarnám er ekki boði. Á þeim 6 námsleiðum á hug- og félagsvísindasviði sem ekki buðu uppá fjarnám haustið 2009, voru skráðir 109 nýnemar í staðarnám. Ætla mætti að heildarfjöldi nema gæti aukist umtalsvert ef þessar námsleiðir væru boðnar í fjarnámi/sveigjanlegu námi.

2.3 Stoðir fjarnáms og fjarkennslu

Eðli fjarkennslu og fjarnáms er slíkt að það getur kallað á annan og flóknari búnað en staðbundið nám. Á það jafnt við um kennsluna og námið, verða því bæði nemar og kennarar að vera nokkuð tölvu- og tæknilæsir til að vel fari, ásamt því að fá góðan stuðning frá stoðþjónustu. HA hefur, auk góðrar samvinnu við símenntunarstöðvar, lagt áherslu á fjórar stoðir upplýsinga-tækni við þróun fjárnámsins.

2.3.1 Myndfundir

Myndfundi (e. video conference) má skilgreina sem gagnvirk rauntímasamskipti með mynd og hljóði á milli tveggja eða fleiri aðskilda staða.

Um tvær gerðir myndfunda er aðallega að ræða; myndfundir með einkatölvu yfir netið, þar sem notuð eru sérstök forrit til að halda fundinn. Nemar og kennarar eru óháðir staðsetningu að öðru leyti en því að aðgengi að nettengdri tölvu er skilyrði. HA notaðist við um nokkurra ára skeið kerfið Webdemo og síðar við kerfið Webex en notkun þeirra hefur verið lögð á hilluna og er í endurmati.

Myndfundir með hágæða myndfundabúnaði. Búnaðurinn samanstendur af hágæða myndavél, hljóðnema og hátölurum, ásamt tengiboxi sem sér um útsendingu og móttöku. Við búnaðinn er ýmist tengdur skjávarpi eða sjónvarp til móttöku á mynd. Við búnaðinn er hægt að tengja skjalamyndavél og einkatölvu. HA á og notar 9 slíka búnaði og eru þeir staðsettir í kennslustofum. Frágangur á kennslustofum með myndafundabúnaði miðar að því að kennari geti fyrirhafnarlítið kennt samtímis nemum nær og fjær og að fjarnemar séu hluti af staðar-nemahópnum. HA, Háskóli Íslands (HÍ) og Samtök símenntunarmiðstöðva fræðslu og þekkingarsetra á Íslandi (Kvasir) eiga og reka menntabrúna sem er tengistöð fyrir myndfundi, í gegnum hana er hægt að tengja saman allt að 48 búnaði samtímis með ýmsum gerðum funda. Allt til dagsins í dag hefur notkun á myndfundabúnaði verið vaxandi. Til ársins 2002 notaðist HA

við Byggðabrú Símans en skortur á þjónustu og þróun þar á bæ leiddi til að þess HA, í samstarfi við HÍ og Kvasir keyptu Menntabrúna. Á þeim tíma var um gríðarmikla fjárfestingu að ræða enda er brúin býsna öflug Enn þann dag í dag er Menntabrúin í fullu fjöri og notuð gífurlega mikið. Síðustu ár hefur HA bókað þar um 1600-1800 kennslustundir á misseri eða 20-30 kennslustundir á degi hverjum. Jafnan er það um 30% af öllum kennslustundum hvers misseris.

2.3.2 Vefkennslukerfi

Hjá HA var í árdaga fjarnáms tekin sú ákvörðun að nota vefkennslukerfi (e. e-learning systems). Fyrir valinu varð WebCT, sem síðar sameinaðist Blackboard. Í samræmi við tilmæli frá háskólaráði er kennslukerfi notað í öllum kenndum námskeiðum við HA. Um þessar mundir er unnið að færslu yfir í hið opna og frjálsa kerfi Moodle. Þótt hvatinn að notkun vefkennslukerfis hafi verið í tengslum við fjarnám, nýtist það ekki síður í staðarnámi og kalla staðarnemar eftir aukinni notkun þess. Kerfin eru lokuð og aðgangsstýrð og hafa nemar aðeins aðgang að þeim námskeiðum sem þeir eru skráðir í. Kerfin bjóða upp á möguleika til að einstaklingsmiða námið og að skipta nemum í hópa eða þá að kenna og vinna með allan hópinn í einu.

Vefkennslukerfi má skipta í nokkra hluta;

- Samskiptahluta sem inniheldur póst, ráðstefnur, rauntímaspjall, teikniborð og dagatal
- Verkefna og prófahluta sem inniheldur öflugt prófgerðatól, verkefnakassa og skilakassa, tæki til hópvinnu
- Kennsluhluta sem samanstendur af tækjum til að miðla og aðgangsstýra námsefni, sem og að búa til námsefni

2.3.3 Upptökur

Haustið 2002 hófust tilraunir með upptökur (e. recording/webcasting) á kennslustundum í staðbundnu námi til dreifingar í fjarnámi. Til að byrja með voru til þess notaðir ýmsir innbyggðir (gjaldfrjálsir) möguleikar í Office pakkanum frá Microsoft og létu nemar mjög vel af þessari nýjung. Notkun þeirra krafðist hinsvegar allmikils tæknilæsis af kennurum auk þó nokkurrar umsýslu eftirá og náði því ekki mikilli hylli í þeirra röðum. Á árunum 2006 og 2007 var Microsoft Encoder notaður í sama tilgangi og þrátt fyrir að notkun hans og umsýsla væri einfaldari en með fyrra fyrirkomulagi voru of margir veikir hlekkir í notkun hans og mistókust óásættanlega margar upptökur af þeim sökum. Haustið 2008 var því keypt kerfið Emission frá íslenska hugbúnaðarfyrirtækinu Nepal. Með tilkomu þess hefur átt sér stað gjörbylting í aðstöðu til upptöku á fyrirlestrum en upptökur á kennsluefni er aðferð sem hefur rutt sér til rúms á síðustu misserum og er að ná mikilli útbreiðslu.

Allar kennslustofur HA eru nú útbúnar til upptöku á kennslustund. Útbúnaðurinn samanstendur af tölvu með Emission forritinu og þráðlausum hljóðnema. Níu kennslustofur eru auk þess með gagnvirkum töflum eða skjáum.

2.3.4 Stefanía

Upplýsingakerfið Stefanía sem þróað hefur verið í Háskólanum á Akureyri veitir aðgang að öllum helstu upplýsingum sem tengjast daglegu lífi í skólanum, s.s. stundaskrá, próftöflum, námsframvindu og námskeiðslýsingum. Þar eru jafnframt framkvæmdar kennslukannanir, tilkynningar til nema og starfsfólks birtar auk þess sem rafrænar skráningar af ýmsu tagi fara þar fram.

2.3.5 Símenntunarstöðvar

HA hefur frá fyrstu tíð lagt mikla áherslu á góða samvinnu við símenntunarstöðvar landsins. Símenntunarstöðvarnar taka þátt í kynningu og veita upplýsingar um námsframboð. Sumar símenntunarstöðvarnar bjóða einnig uppá námsráðgjöf. Þar eru námsver, hvar nemar koma saman og læra og hafa aðstöðu til ýmissa verka, s.s. ljósritun, útprentun og aðgang að háhraðaneti. Þar eru fjarfundarbúnaðir og fer talsvert af fjarkennslu fram í gegnum þá. Allir nemar HA geta tekið öll sín próf á símenntunarstöðvum landsins. Verkefnastjóri fjarkennslu heldur utan um formleg samskipti við símenntunarstöðvar, en gagnasmiðjan hefur nánast dagleg samskipti við flestar símenntunarstöðvarnar. Verkaskipting milli HA og símenntunarstöðvanna er skýr, samkvæmt tvíhliða samningi þar um.

2.4 Skipulag fjarkennslu

Kennslufyrirkomulag fjarkennslu er mismunandi en það má skipta fyrirkomulaginu upp í tvo þætti hvað varðar hvernig námskeið eru kennd í myndfundabúnaði. *Annarsvegar er talað um samkennslu og er þá átt við að kennsla í staðarnámi er send samtímis út til fjarnema og fer kennslan fram á dagskólatíma.* Fjarnemar eru þá eins og hluti af nemahópnum og geta átt gagnvirk rauntímasamskipti við kennara og samnema á staðnum. Aðferð þessi gerir ráð fyrir að nemar séu í fullu námi. Tvær deildir HA beita þessari aðferð; kennaradeild og heilbrigðisdeild.

- Í kennaradeild er fjarkennt á nokkra staði í einu. Þar eru sett skilyrði um lágmarkshópastærð á fjarkennslustöðum og er miðað við að ekki færri en 5 nemar hefji nám á hverjum stað
- Í heilbrigðisdeild er jafnan fjarkennt á einn til tvo staði í einu. Þar er ekki farið af stað með hóp á fjarenda nema a.m.k. 12 nemar hefji nám

Hinsvegar er sá háttur hafður á að fjarnemum er kennt sérstaklega í gegnum myndfundabúnað. Kennslan fer þá ýmist fram á dagskólatíma eða á kvöldin og um helgar. Kennaradeild beitir

þessari aðferð ásamt þeirri sem nefnd er hér að ofan. Auk þess býður viðskiptadeild upp á nám með vinnu og er þá fjarnemum kennt sér.

Námslotur

Með námslotum er átt við að fjarnemar komi til Akureyrar og sæki fyrirlestra eða vinni verkefni á staðnum. Fjöldi þeirra í grunnnámi er 1-2 á misseri en allt að 5 í framhaldsnámi.

2.5 Fræðasvið HA

Við Háskólann á Akureyri eru þrjú fræðasvið, *heilbrigðisvísindasvið*, *hug- og félagsvísindasvið* ásamt *viðskipta- og raunvísindasviði*. Boðið er upp á nám í fjarkennslu á öllum fræðasviðum en framkvæmdin er nokkuð mismunandi eftir deildum.

2.5.1 Heilbrigðisvísindasvið

Á heilbrigðisvísindasviði voru á vormisseri 2010 samtals 319 nemar, þar af 151 í dagskóla, 118 fjarnemar og 50 í lotubundnu framhaldsnámi. Hér á eftir er stutt samantekt um fjarnám á heilbrigðisvísindasviði og byggir hún á upplýsingum frá deildarformönnum, brautarstjórum og kennurum beggja deilda sem kenna í báðum deildum.

Á heilbrigðisvísindasviði er einnig í boði nám á meistarastigi sem hefur verið að hluta til samkennt með kennaradeild. Þar er um að ræða lotunám þar sem nemar koma því sem næst einu sinni í mánuði í allt að viku í senn (fer eftir því hversu marga áfanga þeir vilja taka) og þar sem hver áfangi er kenndur í 1½ dag í senn).

Hjúkrunarfræðideild

Kennsla í hjúkrunarfræði hófst við skólann árið 1987 og fjarkennsla árið 1998. Á vormisseri 2010 voru samtals 191 nemi í námi í hjúkrunarfræðideild, 105 í dagskóla og 86 í fjarnámi. Fjöldi útskrifaðra hjúkrunarfræðinga frá HA er 471 og þar af hafa 99 lokið því í fjarnámi.

Núorðið er yfirleitt kennt á tvo fjarenda samtímis kennslu staðarnema en áður en tæknin varð nægilega góð var eingöngu kennt á einn fjarenda, auk staðarnemum. Frá upphafi hefur verið kennt samtals á 9 staði: Ísafjörð, Reykjanesbæ, Egilsstaði, Selfoss, Vestmannaeyjar, Akranes, Höfn í Hornafirði, Neskaupsstað og Sauðárkrók.

Kennslan fer fram í gegnum myndfundabúnað á ákveðnar fræðslumiðstöðvar sem Háskólinn á Akureyri hefur gert samning við. Einstaka kennari tekur upp alla sína tíma og setur á netið, þar af hefur einn gert það í nokkur ár. Námskeið sem eru samkennd með iðjuþjálfunarfræði eru tekin upp. Yfirleitt eru kennarar staddir á Akureyri en nemar bæði á staðnum og á fjarenda.

Venjulega kemur beiðni frá fræðslumiðstöð einhvers bæjarfélags um að koma á fjarnámi í hjúkrun og þarf að liggja fyrir viljayfirlýsing frá a.m.k. 10 manns sem standast lágmarks

inntökukröfur, til að farið sé af stað með kennslu. Yfirleitt er búið að áætla þrjú ár fram í tímann hvert kennt verður. Kostirnir við hópafyrirkomulagið er að nemar eiga þess kost að fá stuðning í nærumhverfi sínu þ.e.a.s. af hópnum. Ókostirnir geta verið að fólk skráir sig í námið vegna pressu frá þeim sem hafa einbeittan vilja til náms. Þá er hætta á að allir séu e.t.v. ekki tilbúnir til að takast á við námið og meiri hætta á fækkun í hópnum. Einnig hefur það komið fyrir að nemar búi á öðru landshorni en fjarkennt er til eða flytjist á tímabilinu milli landshluta.

Algengast er að kennsla fari fram í fyrirlestrum. Hópastarf ýmis konar hefur verið nýtt sem kennsluaðferð, en reynst erfitt og hópar misvirkir. Það krefst mun meiri undirbúnings en fyrirlestrar. Notkun Blakks er með ólíkum hætti meðal kennara. Allir setja þangað inn yfirlit yfir námskeið, fyrirlestraskrá, lesefni og glærur. Kennarar nota Blakkinn í auknu mæli til prófa, bókhalds yfir einkunnir nema og umræður.

Fjarnemar koma í staðbundnar lotur einu sinni til tvisvar á misseri, 7-10 daga í senn. Þar fer fram sýnikennsla/verkleg kennsla og umræður. Auk þess eru þeir í klínísku námi um allt land eins og staðarnemar.

Iðjuþjálfunarfræðideild

Kennsla í iðjuþjálfunarfræði hófst við skólann árið 1997 og fjarnám haustið 2008. Á vormisseri 2010 voru samtals 72 nemar í námi í iðjuþjálfunarfræðideild, 45 í dagskóla og 27 í fjarnámi við 8 símenntunarmiðstöðvar. Fjöldi útskrifaðra iðjuþjálfa frá HA er 124 og enn hefur enginn lokið því í fjarnámi.

Kennsla fer fram á netinu þar sem nemar geta nálgast upptökur úr kennslustundum staðarnema á Blakki þegar þeim hentar (óbundið stað og stund). Umræður fjarnema fara fram á Blakki (óbundnar stað og stund) og einstaka sinnum á WebEx sem er gagnvirkt kerfi háð stað og stund. Auk þess koma nemar í 1-2 staðbundnar lotur á misseri í 5 daga hvert sinn. Þar fara aðallega fram verklegar æfingar og umræður. Fjarnemar jafnt sem staðarnemar fara í vettvangsnám um allt land.

Form námsins gerir einstaklingum kleift, óháð búsetu, að stunda nám í heimabyggð svo lengi sem neminn skuldbindur sig til að mæta í lotur á Akureyri og taka vettvangsnám um allt land, eins og staðarnemar reyndar gera líka.

Ekki er komin mikil reynsla á kennsluhætti í fjarnámi. Fyrirlestrar eru aldrei eina kennsluformið nema í námskeiðum sem samkennd eru með hjúkrunarfræði, en þar er kennari allt í senn að kenna í fjarfundabúnaði, taka upp fyrirlestrana og kenna staðarnemum. Eins og staðan er í dag sjá fjarnemar einungis mynd af glærum og hljóð (tal kennara) en vonir standa til að það breytist. Kennarar kvarta helst yfir því að ekki sé hægt að nota svipbrigði né handahreyfingar til áherslu eða útskýringa heldur þurfi að nota orð eða teikningar t.d. er auðveldara að sýna hvernig þreifað er á vöðvum en lýsa því í orðum.

Hvað varðar kennslufræði óska kennarar eftir námskeiðum í t.d. PBL og Case methods – enda er það á stefnuskrá sviðsins að auka kennslu með þeim aðferðum. Stór hluti kennaranna er menntað heilbrigðisfagfólk (t.d. hjúkrunarfræðingar, iðjuþjálfar, sjúkraþjálfarar, læknar) sem lítið hefur lært í kennslufræði.

2.5.2 Hug- og félagsvísindasvið

Á hug- og félagsvísindasviði voru á vormisseri 2010 samtals 669 nemar, þar af 372 í dagskóla, 77 fjarnemar og 220 í lotubundnu framhaldsnámi. Hug- og félagsvísindasvið varð eins og kunnugt er til við sameiningu kennaradeildar og félagsvísinda- og lagadeildar á síðasta ári. Kennaradeild hafði boðið sitt námsframboð í fjarnámi en félagsvísinda- og lagadeild ekki. Á þessari stundu er staðan óbreytt frá því sem var við sameininguna, kennaranámið er boðið í fjarnámi en hvorki félagsvísinda- né laganámið þó undirbúningur sé hafinn við að bjóða hluta félagsvísindanámsins í fjarnámi. Hér á eftir er stutt samantekt um fjarnám í kennaradeild.

Kennaradeild

Kennaradeild hóf að bjóða upp á fjarnám haustið 1999 þegar farið var að bjóða leikskólakennarafræði í fjarnámi. Grunnskólakennarafræði fylgdu svo í kjölfarið haustið 2004. Á vormisseri 2010 voru samtals 380 nemar í kennaradeild, 85 í dagskóla 75 í fjarnámi og 220 í lotubundnu framhaldsnámi.

Í upphafi var gerð krafa um lágmarksfjölda í námshópum á fjarstöðum en síðustu ár hefur verið fallið frá því og námið því í raun orðið óháð stað en ekki stund.

Skipulag námsins er að því leyti áþekkt því sem verið hefur í hjúkrunarfræði að um er að ræða samtímanám með fjarfundabúnaði. Sá munur er þó á að kennaranemarnir hafa flestir verið í vinnu á leik- eða grunnskólum. Í samræmi við það hefur í skipulagi námsins verið gert ráð fyrir að þriggja ára námi sé lokið á fjórum árum og meðfram vinnu.

Í kennaradeild er einnig í boði fjarnám á meistarastigi sem hefur verið að hluta til samkennt með heilbrigðisvísindasviði og er skipulagt á sama hátt, þ.e.a.s. er lotunám þar sem nemar koma því sem næst einu sinni í mánuði í allt að viku í senn.

Þetta fjarnám hefur þjónað vel tilteknum hópum nema. Þar er annars vegar um að ræða starfandi leiðbeinendur í leik- og grunnskólum sem vilja ljúka prófi á bakkalár stigi og njóta til þess nokkurs fulltingis sinna vinnuveitenda (með aðstöðu, tilhliðrun á vinnuskyldu og jafnvel beinum greiðslum). Hins vegar er svo meistaranámið sem hefur höfðað til starfsfólks í leik- og grunnskólum sem vill ljúka meistaraprófi og styrkja stöðu sína innan skólanna og takast á við ný verkefni.

Að einhverju leyti má því segja að fjarnám í leik- og grunnskólakennarafræðum sé sniðið að þörfum starfandi leiðbeinenda sem vilja öðlast starfsréttindi á sínu sviði. Þetta nám fer enda

fram á vinnutíma og gagnrýnisraddir hafa heyrst frá nemum sem ekki eru starfandi í skólum um að þetta námsfyrirkomulag henti þeim ekki allskostar. Almennt virðist þeim sem ekki hafa verið í vinnu í skólum ekki hafa tekist jafn vel og hinum að aðlaga námið að sínum aðstæðum. Spyrja má hver framtíð þessa náms verður á komandi misserum þegar kreppir að í þjóðfélaginu og skólar þurfa annars vegar að draga saman í rekstri og hins vegar eiga auðveldara með að ráða til sín réttindakennara.

Félagsvísindadeild og lagadeild

Í félagsvísindadeild og lagadeild er hins vegar ekki í boði fjarnám. Þar hafa þó verið ræddar tillögur um að bjóða hluta námsbrautanna í fjarnámi, einkum fjölmiðlafræði, samfélags- og hagþróunarfræði og almenna þjóðfélagsfræði. Það form sem þar hefur helst verið rætt um er sambland af upptökum úr tímum og fjarfundum (líkt og notast hefur verið við á viðskipta- og raunvísindasviði). Hvort þar er um að ræða ígrundaða afstöðu til þess hvaða kennsluhættir myndu best henta þessu námi skal ósagt látið hér.

Almennt má segja um kennsluhætti í félagsvísindadeild og lagadeild að þeir eru í flestu sambærilegir við það sem gengur og gerist innan þeirra deilda þar sem fjarnám er í boði, það er að segja; mestur hluti námsins er í fyrirlestraformi með stuðningi af verkefnum og dæmatímum. Deildirnar skera sig á engan hátt úr hvað varðar þörf fyrir búnað, tækniaðstoð eða annað er viðkemur fjarkennslu. Það er með öðrum orðum ekki fyrirsjáanlegt að neinar formlegar hindranir séu í vegi fyrir því að bjóða allt nám deildanna í fjarnámi.

2.5.3 Viðskipta- og raunvísindasvið

Á viðskipta- og raunvísindasviði voru á vormisseri 2010 samtals 436 nemar, 122 í dagskóla 284 í fjarnámi og 30 í lotubundnu framhaldsnámi. Hér á eftir er stutt samantekt um fjarnám á viðskipta- og raunvísindasviði.

Viðskiptadeild

Fjarnám við viðskiptadeild hófst árið 2000 og er stór þáttur í starfi viðskiptadeildar. Á vormisseri 2010 voru samtals 320 nemar í viðskiptadeild, 62 í dagskóla, 229 í fjarnámi og 29 í lotubundnu framhaldsnámi.

Í viðskiptadeild eru ekki gerðar kröfur um hópastærð og námið er því óháð stað og hægt að stunda það frá öllum símenntunarstöðvum í kringum landið. Kennsla fer fram í gegnum myndfundabúnað utan dagskólatíma en auk þess eru tímar í dagskóla og fjarfundir teknir upp og settir á netið. Námið er því að miklu leyti óháð stað og stund.

Í hverju námskeiði eru um það bil 6 til 7 fjarfundir á misseri. Þeir fara fram eftir venjulegan vinnutíma og standa frá kl. 17.10 til kl. 18.50 eða kl. 19:00 til kl. 20:40. Hver fundur spannar tvær kennslustundir. Þessum tímum er varið í umræður eða til að fara ítarlega í valið efni eða til

að svara spurningum nema. Blakkur er notaður til að miðla kennsluefni til nema. Það geta verið myndrænar skrár (powerpoint), ritvinnslu skrár (word) og/eða reikniskrár (excel) þar sem námsefnið er útskýrt fyrir nemum. Á Blakki er einnig dreift upptökum úr kennslustundum, þ.e. myndrænar skrár með hljóði. Þessar skrár eru almennt aðgengilegar í 2 til 3 vikur. Blakkur er einnig notaður til að halda æfingar, próf og/eða til að skila verkefnum. Einnig er póstur og umræðan mikið notuð til að útskýra námsefnið og/eða svara spurningum nema. Auk þessa koma fjarnemar til Akureyrar í fyrirlestra og æfingatíma einu sinni á misseri og eru þá hér í 2 til 3 daga. Þá eru skipulagðir fyrirlestrar frá morgni til kvölds.

Auðlindadeild

Fjarnám í auðlindadeild hófst árið 2002. Á vormisseri 2010 voru 92 nemar í auðlindadeild, 60 í dagskóla, 31 í fjarnámi og 1 í lotubundnu framhaldsnámi.

Fjarnámið er skipulagt með svipuðu móti og í viðskiptadeild, þó eru ekki myndfundir í auðlindadeild. Kennsla fer fram á netinu þar sem nemar geta nálgast upptökur úr kennslustundum staðarnema á Blakki.

Nemar koma til Akureyrar í staðbundnar lotur tvisvar á misseri í viku í senn. Þá eru allir fyrirlestrar teknir upp og komið á framfæri við nema í Blakki. Þannig er öllu námsefni miðlað til nema um netið nema því sem fram fer í verklegum staðarlotum. Fjarnemar í auðlindadeild eru því óbundnir af því að mæta í fjarnámsmiðstöð aðra hverja viku eins og nemar í viðskiptadeild.

Skipulag námsins gerir einstaklingum kleift, óháð búsetu, að stunda nám í heimabyggð svo lengi sem þeir skuldbinda sig til að mæta í staðbundnar lotur á Akureyri þar sem námið er óháð stað og stund að öðru leyti.

Eins og fram hefur komið hér að framan er fyrirkomulag náms nokkuð mismunandi eftir deildum. Tilgangurinn með Töflu 1 hér að neðan er að taka saman kennslufyrirkomulag í fimm deildum til að auðvelda yfirsýn lesandans. Taflan sýnir hvernig námsfyrirkomulagi er háttað í viðkomandi deildum vorið 2010.

	Mynd-fundir	Fullt nám	Með vinnu	Kennt á vinnu-tíma 8-16	Kennt eftir kl. 16	Tíma-laust	Blakk-ur	Upp-tökur	Lotur	Hópa-stærð
Viðskiptadeild	x	x	x		x		x	Val	x	10
Auðlindadeild		x	x			x	x	Allt	x	
Hjúkrunarfræði-deild	x	x		x			x	Val	x	12
Iðjuþjálfunarfræði-deild		x				x	x	Allt	x	
Kennaradeild	x	x		x			x	Val	x	7

Tafla 1. Fyrirkomulag náms eftir deildum.

2.6 Stoðþjónustan

Gagnasmiðja heldur utan um fræðslu og aðstoð við kennara með það að markmiði að kennarar öðlist sjálfstæði og geti sinnt fjarkennslu upp á eigin spýtur. Verkefnisstjóri í upplýsinga- og samskiptatækni heldur námskeið í notkun kennslukerfa auk þess sem leiðsagnakennarar eða umsjónarkennarar eiga að upplýsa nýja kennara um meðferð þess búnaðar sem þeir þurfa að nota. Skipulag fjarkennslu miðar allt að því að gera kennara sjálfbjarga þótt Gagnasmiðja veiti nauðsynlega tækniaðstoð.

Hugbúnaður jafnt sem vélbúnaður er uppsettur á þann hátt að kennarar séu sjálfbjarga. Gagnasmiðja sér um þjónustu við fjarkennara og fjarnema og er sú þjónusta tvíþætt, annars vegar undirbúningur og fræðsla og hins vegar vakt. Kennurum er boðið upp á námskeið bæði í kennslukerfinu sem og á allan tæknibúnaðinn í kennslustofum. Þegar tækninýjungar eru innleiddar er kennurum boðið upp á námskeið eða kynningu á þeim og til að tryggja að þessar nýjungar fari ekki fram hjá neinum mætir verkefnisstjóri fjarkennslu á fundi í öllum fjar-kennsludeildum Háskólans og kynnir þær.

Á þeim tíma dags sem myndfundir standa yfir er ávallt tæknimaður á vakt og hafa allir kennarar og nemar aðgang að honum í gegnum ákveðið vaktsímanúmer. Kennarar og nemar geta hringt í það og aðstoðar þá vaktmaður eftir þörfum ýmist gegnum síma, í tölvu eða með því að mæta á staðinn ef því verður við komið.

Gagnasmiðja sér um tæknilega aðstoð við myndfundi. Í því felst að fylgjast með hvort myndfundir fari eðlilega af stað og að lagfæra vandamál sem upp kunna að koma varðandi þá

fundi sem eru í gangi. Gagnasmiðja annast einnig upptökukerfi HA og tækniþjónustu við kennara HA. Eftir slíkri aðstoð verður að óska sérstaklega í Stefaníu. Verkefnisstjóri í upplýsinga- og samskiptatækni er starfsmaður Gagnasmiðju. Auk þess að sinna hefðbundnum störfum þar hefur hann umsjón með kennslukerfum HA og aðstoðar kennara við uppsetningu námskeiða.

Kennslusvið

Nemendaskrá HA heldur utan um skráningu fjarnema sem og annarra nema í HA, þ.m.t. skráningar í námskeið, próf, einkunnafærslu o.s.frv.

Skrifstofustjórar setja upp stundaskrá og tengiupplýsingar fyrir námskeið inn á Stefaníu.

Verkefnisstjóri fjarkennslu, ber ábyrgð á fjarkennslu við HA.

Hann sér um að búa til fjarfundi á byggðabrú og er tengiliður við símenntunarmiðstöðvarnar og hefur umsjón með samningsgerð við þær.

Í upphafi skólaárs er velgengnisvika og þar fá allir nýnemar fræðslu og kennslu á þau tæki og í þeim hugbúnaði sem nota þarf við námið.

2.7 Samstarfsaðilar Háskólans á Akureyri í fjarnámi:

Háskólinn á Akureyri er í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar innan Samtaka símenntunarmiðstöðva, fræðslu- og þekkingarsetra á Íslandi (Kvasir). Innan Kvasis starfa Farskóli Norðurlands vestra, Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar (Símey). Þekkingarsetur Þingeyinga, Þekkingarnet Austurlands, Fræðslunet Suðurlands, Viska í Vestmannaeyjum, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi og Fræðslumiðstöð Vestfjarða.

Háskólinn á Akureyri er í samstarfi við flestar símenntunarmiðstöðvarnar innan Kvasis fyrir utan Fræðslunet Suðurlands, Fræðslumiðstöð Vestfjarða og Símey.

Á Vestfjörðum og á Suðurlandi hafa verið stofnuð sérstök félög um eflingu og þjónustu við háskólanám á svæðunum og er Háskólinn á Akureyri í samstarfi við þau félög en ekki símenntunarmiðstöðvarnar. Auk þess sinnir Háskólinn á Akureyri sjálfur þjónustu við Eyjafjarðarsvæðið.

Auk aðila innan Kvasis er Háskólinn á Akureyri því í samstarfi við Háskólafélag Suðurlands, Háskólasetur Vestfjarða og Námsflokka Hafnarfjarðar – Miðstöð símenntunar sem er samstarfsaðili Háskólans á Akureyri á höfuðborgarsvæðinu.

Kvasir hefur sent ályktun til Háskólans á Akureyri (sjá viðauka 7.4) um skipulag fjarnáms við skólann en hefur ekki eigin stefnu í fjarkennslumálum þar sem símenntunarmiðstöðvarnar vinna sína stefnumótun sjálfstætt.

Háskólinn á Akureyri er í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar um allt land, þekkingarsetur, þekkingarnet og háskólasetur. HA hefur þannig byggt upp þétt samstarfsnet með ólíkum aðilum með það að markmiði að bjóða íbúum landsins háskólamenntun. Innan hvers landshluta eru höfuðstöðvar símenntunarstöðva eða þekkingarsetur sem síðan þjóna eða eru í samstarfi við minni einingar innan viðkomandi landshluta. Mynd 4 hér á eftir sýnir samtarfsaðila HA um allt land og hvort um er að ræða prófstað. Myndin sýnir einnig þá staði sem HA býður upp á nám skólaárið 2009-2010. Lista yfir samstarfsaðila Háskólans á Akureyri og helstu staði á starfssvæði þeirra má einnig finna í viðauka 7.3.



Mynd 4. Fjarkennslustaðir frá HA. Þjónustu þessara aðila má sjá í viðauka 7.3

Sýn samstarfsaðila Háskólans á Akureyri á fjarkennslu

Af hálfu Kvasis eru helstu erfiðleikar við að auka og efla fjarkennslu fólgnir í því að ekki er sett nægt fjármagn af hálfu ríkisins eða háskólanna í að veita þjónustu við fjarnema á þeim stöðum sem þeir búa eða til að skapa aðstöðu fyrir þá. Jafnframt er skortur á kennurum með næga þekkingu og reynslu á kennslufræði fjarkennslu og þeirri tækni sem fjarkennslan krefst. Krafa Háskólans á Akureyri um hópastærð á fjarendum í sumum deildum getur einnig valdið erfiðleikum.

Samstarfsaðilar Háskólans á Akureyri sjá fyrir sér að fjarkennsla eigi eftir að aukast vegna þess að væntingar standa til þess að aðgengi landsmanna að menntun muni batna enn frekar með því að færa menntunina heim í hérað í stað þess að ætlast til þess að allir nemar flytji þangað sem háskólarnir eru staðsettir. Framtíðarsýn forsvarsmannanna Kvasis felur í sér að í kennslu muni mismunandi aðferðir í auknu mæli verða fléttaðar saman. Má þar nefna kennslu í gegnum myndfundabúnað, tölvutengda kennslu þar sem neminn stundar námið í gegnum vefumsjónar-kerfi og lotunám.

Framtíðarsýn Kvasis varðandi fjarkennslu má draga saman í eftirfarandi punkta:

- Að háskólarnir fjarkenni þau fög sem falla vel að fjarkennslu þannig að landsmenn allir hafi góðan aðgang að fjölbreyttu námi við háskóla landsins
- Að aðgangshömlunum sem felast í hópastærðum og/eða staðsetningu verði hætt og m.a. aukin notkun á upptökum og kennslukerfi nýtt til þess að gera þetta kleift
- Að landsmenn geti lokið flest öllum námsleiðum í fjarnámi
- Að sköpuð sé góð aðstaða í héraði fyrir nema, hvað varðar að sitja fjarkennslutíma, til að sinna verkefnavinnu og lestri
- Að allir aðilar sem koma að þjónustu við nema fái greitt fyrir það og séu því í stakk búnir til að sinna þessari þjónustu

Að sögn forsvarsmanna Kvasis hafa samtökin haft frumkvæði í að stuðla að fjarkennslu á milli háskólanna og símenntunarmiðstöðva. Gott samstarf hefur verið á milli Háskólans á Akureyri og aðildarfélaga Kvasis um fjarnám undanfarin ár og eru nemar sem stunda nám í fjarnámi stórt hlutfall af nemafjölda HA.

2.8 Viðhorf fjarnema

Á undanförnum árum hafa verið gerðar fimm spurningalistakannanir vegna fjarkennslu við Háskólann á Akureyri og tekin rýnihópaviðtöl við þrjá hópa fjarnema. Gerð var þjónustukönnun vegna fjarkennslu meðal fjarnema á árunum 2003-2004 og viðhorfskönnun meðal kennara skólaárið 2004-2005. Báðar þessar kannanir eru spurningalistakannanir sem RHA, Rannsókna- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri annaðist úrvinnslu á fyrir stjórnendur háskólans[2] og eru nokkuð komnar til ára sinna. Hinar þrjár eru spurningalistakannanirnar sem framkvæmdar hafa verið af kennurum háskólans. Í fyrsta lagi er þar um að ræða tvær spurningalistakannanir sem Kristjana Fenger annaðist meðal fyrsta árs nema í iðjuþjálfun eftir að fjarnám hófst vorin 2009 og 2010. Í öðru lagi er það spurningalistakönnun sem Guðmundur K. Óskarsson og Ingi Rúnar Eðvaldsson unnu 2008 um viðhorf brautskráðra viðskiptafræðinga bæði í fjar- og staðarnámi til náms og kennsluaðferða við háskólann. Svo liggja fyrir niðurstöður úr rýnihópaviðtölum sem Sigrún Magnúsdóttir átti við fjarnema í kennara-, viðskipta- og hjúkrunarfræði á vormisseri 2009. Mikilvægar upplýsingar hafa fengist með þessum könnunum sem kynntar hafa verið viðeigandi aðilum innan háskólans og byggja þær tillögur til breytinga sem lagðar eru til með þessari skýrslu m.a. á þeim. Hér að neðan verður í stuttu máli gerð grein fyrir viðhorfum fjarnema háskólans til námsins, kennslunnar og þjónustu háskólans eins og þau komu fram í ofangreindum könnunum.

2.8.1 Rýnihópaviðtöl við nema í hjúkrunar-, kennara- og viðskiptafræði

Hér birtist stutt samantekt úr rýnihópaviðtölunum ásamt beinum tilvitnunum í orð fjarnema.

Viðskiptafræðinemar voru ellefu, níu konur og tveir karlar og kennaranemar voru átta konur bæði í grunn- og leikskólanámi. Í báðum hópum var fólk víða að af landinu. Hjúkrunarfræðinemar voru níu konur, allar á þriðja ári af sama landshluta. Aldursdreifing var nokkur í öllum hópunum.

<u>Velgengisvikan að hausti.</u>
Nemar eru almennt ánægðir með velgengisvikuna í ágúst. Hún þykir til fyrirmyndar og vera mikilvæg til að kynna háskólann, kennarana og allt umhverfið fyrir fjarnemum. Sú gagnrýni hefur þó komið fram að dagskráratriði verði að taka mið af þörfum fjarnema og ekki fari alltaf vel á því að hafa kynningar fyrir fjar- og staðarnema samtímis.

<u>Námsumhverfi á vef.</u>
Námsumhverfið í Blakki eða Moodle er fjarnemum afar mikilvægt og þeir kalla það *kennslustofu fjarnemans*. Fjarnemum er mjög annt um tíma sinn og vilja geta gengið að náminu án tafa. Það

[2] Þjónustukönnun vegna fjarkennslu : Viðhorfskönnun nemenda í fjarnámi 2003-2004. Júlí 2006.
Fjarkennsla í Háskólanum á Akureyri skólaárið 2004-2005 : Viðhorfskönnun meðal kennara. Ágúst 2006.

er þeim því mjög mikilvægt að námskeiðin séu sett skipulega upp í Blakki eða Moodle. Nemar segja:

> Kennarar sem setja hverja viku fyrir sig eða hvern kafla fyrir sig í námsefninu vel upp, þeir mega fá mikið hrós.

> ... ef hún setur t.d. inn í fyrstu viku þá kemur bara fyrsta vika og allt efni sem var í fyrstu viku og svo kemur bara önnur vika og maður getur alltaf tékkað á því. Nú er komin ellefta vika og er komið eitthvað nýtt... það sér maður alltaf...

Nemar telja mjög æskilegt að reynt verði að tryggja að notað sé svipað skipulag í öllum námskeiðunum í námsumhverfinu í Blakki eða Moodle.

Staðbundnar lotur.

Spurt var í rýnihópunum hvaða þýðingu það hefði fyrir fjarnema að koma til Akureyrar í staðbundnar lotur. Það er ljóst að þeir telja þær mikilvægar en vilja að þær séu innihaldsríkar enda hafi þeir kostað miklu til, bæði tíma og peningum, að koma í þær til Akureyrar.

> ...nauðsynlegt, já, mér finnst það. Það er misjafnt hvað tímarnir nýtast vel hérna. Stundum er maður bara oh... Stundum er verið að fara yfir efni sem búið er að fara yfir. Aftur á móti ef upptökurnar væru fleiri þá væri þetta eitthvað sem gæti alveg minnkað eða dottið út, en ég vil ekki missa félagslegu hliðina. ...að hitta samnemendur og ræða námið, mér finnst það skipta miklu máli.

Spurt var hvort sleppa eigi fyrirlestrum í staðbundnum lotum og leggja frekar áherslu á verkefni og verklega þjálfun.

> ... já (segja margar raddir), hitt getum við hlustað á en svo aftur á móti koma kannski góð tækifæri eins og til dæmis í ... Þá vorum við látin koma fram og kynna verkefni og gert svona eitthvað meira skemmtilegt. En stundum býst maður bara við að vera að koma hingað að hlusta og finnst maður alveg vera að sofna. Þú ert hér frá átta til átta á daginn og þér finnst þú vera orðinn svolítið þreyttur en ef þú ert látinn gera eitthvað lifandi eins og við sem vorum látin kynna verkefni, þá þarf maður líka að hlusta á fullt af öðrum verkefnum. Eins í ... þar sem þú ert að fá fyrirlesara og að vinna í hópum. ...já ert að gera eitthvað, ekki bara að sitja.

Símenntunarmiðstöðvar.

Háskólinn hefur frá upphafi lagt ríka áherslu á að nemar tengist símenntunarmiðstöðvum um landið allt. Þar eigi þau að sækja fjarfundi og hafa sameiginlega vinnuaðstöðu. Af rýnihópunum má dæma að mikilvægi símenntunarmiðstöðva er mismunandi eftir námsbrautum. Hjúkrunarfræðinemar sem fá sama fjölda fyrirlestra og staðarnemar í fjarfundi telja mikilvægt að fara í símenntunarmiðstöðina en viðskiptafræðinemar sem aðeins fá einn tíma á móti fjórum í staðarnámi leggja ekki mikið upp úr því að heimsækja þær. Viðskiptafræðinemar segja ennfremur að þeir þurfi ekki á vinnuaðstöðunni í símenntunarmiðstöðvunum að halda við hópverkefnavinnu. Þau vinni hópverkefni þvert yfir landið með aðstoð MSN og séu heima hjá sér á meðan.

Viðskiptafræðinemar segja:

> Má ég koma einu að, sumt fólk er að koma þarna (í símenntunarmiðstöðina) og það er ekkert að læra eins og ég. Það er bara að kjafta og ég fæ ekkert út úr því sem ég vil fá. Ég vil læra á Excel og reyna að ná að fylgjast með en það er bara fullt af fólki sem er bara að kjafta fyrir aftan mig. Ef ég væri með upptöku heima þá gæti ég hlustað sjálf. Það er líka annað mál þegar talað er um þessa hópavinnu, það eru allir að vinna úti, það eiga allir börn, það eru allir með eiginmenn og maður þarf að hjálpa börnunum sínum að læra. Maður hefur ekki tíma fyrir þessa hópahittinga. Maður verður bara að segja ef ég get gert þetta heima hjá mér og barnið mitt er að læra hérna við hliðina á mér og við *(fjarnemar)* erum að hittast á MSN og við getum talað saman á video MSN... Ég er miklu meira að vinna með öllum fjarnemunum á MSN heldur en nokkur tíman í símenntunarmiðstöðinni life, enda fer þá svo mikill tími í að hita kaffi og spjalla saman svo það verður alltaf óskilvirkara.

Hjúkrunarfræðinemar segja hins vegar:

> Við höfum gert þetta mikið *(unnið saman með aðstoð MSN)* og sent með tölvupósti. Já, já (segja margar raddir) en það hentar ekki alltaf sami tíminn til að koma... Það er stundum sem við þurfum að setjast niður, sumt er þannig, eins og núna verkefnið að finna þema. Já, það er ekki hægt að gera þetta öðruvísi en að hittast, en það er hægt að undirbúa sig...

<u>Myndfundir og upptökur af fyrirlestrum.</u>

Myndfundir í fjarfundabúnaði hafa verið notaðir við fjarkennslu í háskólanum frá upphafi eins og áður hefur komið fram. Spurning er hvort þeir hafi runnið sitt skeið í fjarkennslu sem meginaðferð við miðlun. Það er a.m.k. ljóst að þeir eru vandmeðfarnir og þurfa mikla og góða stoðþjónustu eigi þeir að ganga vel upp. Nemar óska hins vegar eindregið eftir því að hafa aðgang að upptökum af öllum fyrirlestrum námskeiðanna allt til prófa og telja að upptökurnar geti að hluta til komið í stað kennslu í myndfundum.

> Ef allir tímar væru teknir upp þá væri hægt að fækka fjarfundum í kjaftafögum niður í einn á mánuði. Já, þá gæti sá tími bara verið virkari og kennarinn virkari inn á umræðum eða eitthvað. Þá hefðum við þennan eina tíma til að koma með fyrirspurnir því það liggur ekki eins mikið á að komast yfir heilt námsefni sem þeir fóru yfir í tímunum hjá staðarnemum. Ég á eina vinkonu hérna í auðlindadeildinni. Hún fær allar upptökur og mætir aldrei í fjarfundi nema í einu fagi sem hún er með mér í og tilheyrir viðskiptadeildinni og hún fær allt upptekið og hún sendir meil og kennarinn svarar alltaf.

> ...en það eru í raun og veru bara ákveðin fög sem eru að taka upp. Einn áfangi var alveg tekinn upp fyrir áramót og mér finnst... að sá kennari eigi bara virkilegt hrós skilið fyrir það. Það var bara allt tekið upp og maður gekk að því vísu. Það var ekki minni mæting í þeim tímum en maður hefur heyrt að það sé það sem kennararnir óttast.

2.8.2 Könnun meðal brautskráðra viðskiptafræðinema

Könnunin sem var spurningalistakönnun var framkvæmd árið 2008 meðal 215 viðskiptafræðinga frá HA sem útskrifuðust á tímabilinu 2004-2007. Markmið hennar var að kanna starfsframa þeirra og leita eftir áliti þeirra á gæðum þess náms sem þeir stunduðu við HA.

Þar sem fjarnám hefur aukist mjög við HA á liðnum árum var sérstaklega spurt um það og um viðhorf og stöðu fjarnema. RHA, Rannsókna- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri sá um framkvæmd könnunarinnar. Almennt var svarhlutfallið 59% en svarhlutfall staðarnema var 45,5% á móti 67% meðal fjarnema. Meðalaldur karlanna í könnuninni var 38,3 ár og kvennanna 37,3 ár en fjarnemarnir eru að meðaltali 5,6 árum eldri en staðarnemarnir.

Til útskýringa vegna túlkunar á niðurstöðum könnunarinnar skal bent á að úr fimm flokka Likert-skala sem notaður var er talað um *styrkleikabil þar sem* meðaleinkunn er 4,20-5,00. Fullyrðing sem fær meðaleinkunnina 3,7-4,19 flokkast sem *starfshæft bil* en fullyrðing sem fær meðaleinkunnina 3,69 eða lægra flokkast sem *aðgerðabil*[3] (Grönfeldt og Strother, 2006). Einnig er víða í könnuninni vísað til þess að Háskólinn á Akureyri setti sér það markmið í stefnu fyrir árin 2007-2011 að 80% brautskráðra nema væru ánægðir með aðstöðu til náms og gæði kennslu. Hér að neðan verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum könnunarinnar sem hafa gildi fyrir efni þessarar skýrslu.

Þátttakendur í könnuninni voru spurðir að því hvernig þeir teldu *að námið við HA hefði nýst þeim í starfi.* Fjarnemar telja að námið hafi nýst þeim betur en staðarnemar telja og hið sama á við um eldri nema í samanburði við yngri nema.

Ein spurning í könnuninni laut að því *hversu ánægðir svarendur væru með námið í Háskólanum á Akureyri.* Athyglisvert er að fjarnemar eru mun ánægðari með námið en staðarnemar. Hins vegar þegar þátttakendur voru spurðir *hvernig þeir mætu gæði náms við Háskólann á Akureyri,* kom ekki fram merkjanlegur munur á svörum staðar- og fjarnema. Niðurstaðan var hins vegar ekki ásættanleg út frá þeim markmiðum sem gefin eru upp í stefnu HA því meðaltal allra hópa fellur undir starfshæft bil (3,7-4,19).

Þátttakendur í könnuninni voru spurðir *hvað þeim finnist um kennsluaðferðir í Háskólanum á Akureyri***.** Svörin falla flest innan starfshæfs bils og er mjög nærri markmiðum í stefnu HA. Athygli vekur að þeir viðskiptafræðingar sem búsettir eru á landsbyggðinni virðast ánægðastir með kennsluaðferðir almennt séð. Þegar spurt var um *viðhorf þeirra til miðlunar námsefnis annars en fyrirlestra, svo sem þulaðar glærur, upptökur o.fl.,* voru flestir frekar ánægðir eða mjög ánægðir með miðlun námsefnis (samtals 79%). Það var ekki marktækur munur á milli hópa.

Ein spurning laut að *viðhorfi til verkefnavinnu og þjálfunar í HA* og gáfu svarendur verkefnavinnu meðaleinkunnina 3,73 sem er nokkru lægra en fyrir fyrirlestra. Munur á milli hópa var ekki marktækur og falla svör allra hópa undir starfshæft bil, nema hjá körlum og þeim fjarnemum sem búa á höfuðborgarsvæðinu. Þar fellur meðaltalið undir aðgerðabil. Skoða þarf

[3] Styrkleikabil þýðir að árangur er góður, með starfshæfu bili er átt við að árangur er viðunandi en aðgerðabil gefur til kynna að aðgerða er þörf.

þennan þátt námsins og velta vöngum yfir því hvort breytinga sé þörf því nokkuð vantar á að markmiðum í stefnu HA sé náð varðandi þennan þátt. Þegar spurt var um *áherslu á hópavinnu í náminu við HA* gáfu svarendur í könnuninni hópavinnu við HA meðaleinkunnina 3,88. Afstaða ólíkra hópa er mjög svipuð og falla svör þeirra undir starfshæft bil og er ekki í samræmi við stefnu HA.

Þegar þátttakendur voru spurðir um *vettvangstengingu náms og verkefna* gefa svörin til kynna að þar megi gera mun betur. Aðeins 28% eru mjög eða frekar ánægðir með þann þátt námsins. Stærsti hópurinn, 55,2%, velur valkostinn hvorki né, og 16,6% eru óánægð með vettvangstenginguna. Svarendur gefa vettvangstengingu námsins meðaleinkunnina 3,18. Það er ekki marktækur munur á milli hópa, en meðaltölin falla öll undir aðgerðabil og eru langt undir stefnumiðum HA.

Viðhorf fyrrum fjarnema *til aðbúnaðar á fjarkennslustað* sýnir að mikill meiri hluti þeirra eða 82% sé mjög eða frekar ánægður með hann, þó flokkast svör karla sem stunda nám á höfuðborgarsvæðinu undir aðgerðarbil. Þeir sem eru *hvorki ánægðir né óánægðir með aðgengi að stoðþjónustu HA* eru 42% þátttakenda. Má vera að það sé vegna þess að þeir nýti hana að litlu leyti. Mjög eða frekar ánægðir eru 38,2% og frekar óánægðir eru 19,1%. Meðalgildið sem gefið er varðandi aðgengi að stoðþjónustu er 3,28 og falla svör allra hópa undir aðgerðabil og ná ekki stefnumiðum í stefnu HA.

Fyrrum fjarnemar eru almennt mjög *ánægðir með tímasetningu* fjarfunda í viðskiptafræði. Fram kemur að 57,3% svarenda eru frekar ánægðir með tímasetninguna, 28,1% er mjög ánægður og 14,6% svara hvorki né. Að meðaltali gefa hóparnir þeim þætti meðalgildið 4,13.

Spurt var *um gildi fjarnemaheimsókna til Akureyrar* en þær eru liður í skipulagi fjarnáms HA. Flestir, eða 53,4%, telja að gildið sé mjög mikið, 20,5% telja það frekar mikið 18,2% telja það hæfilegt og 8% telja það frekar lítið.

Fyrrum fjarnemar í viðskiptafræði voru að lokum spurðir *hvort þeir hefðu farið í háskólanám ef möguleiki á fjarnámi væri ekki í boði*. Alls sögðu um 55% svarenda að þeir hefðu ekki farið í nám ef fjarnám hefði ekki verið í boði. Um 20% segjast hefðu farið í nám óháð því hvort fjarnám hefði verið í boði og um 25% svarenda er ekki viss í sinni sök. Niðurstöðurnar sýna að mun fleiri karlar en konur hefðu ekki farið í háskólanám ef ekki hefði verið boðið upp á fjarnám og er sá munur marktækur.

2.8.3 Könnun meðal fyrsta árs nema í iðjuþjálfunarfræðum að loknum samkeppnisprófum

Markmið könnunarinnar var að fá fram ýmsar staðreyndir um nemana sjálfa (fjar- og staðarnema) og álit þeirra á ýmsum þáttum er lúta að náminu og aðstæðum þess. Spurningar voru bæði lokaðar og opnar. Tuttugu og fimm nemar komast áfram eftir samkeppnispróf sem

fara fram í desember. Í janúar 2009 hófu 24 nemar nám, 6 staðarnemar og 18 fjarnemar. Í janúar 2010 hófu 26 nemar nám, 14 staðarnemar og 12 fjarnemar. Hér eru birtar niðurstöður frá fjarnemum beggja hópa, upplýsingar sem taldar eru hafa þýðingu fyrir þessa skýrslu.

Tengsl við samnema, eðli og mikilvægi

Flest allir fjarnemar eru í tengslum við aðra nema, oftast tvo eða fleiri fjarnema, einstaka eru í sambandi við staðarnema. Nemar segja: „...já ég er í góðum tengslum við samnemendur mína, þau hafa mikla þýðingu þar sem maður er oft einn í fjarnámi..“, annar segir: „þau (samskiptin) skipta mig öllu máli... get þetta ekki án þeirra“, sá þriðji segir: „Ég er í tölvusambandi með Skype, það hefur mikla þýðingu fyrir mig. Held betra tímaskipulagi fyrir vikið og gott að ræða námið. Það situr betur inni og betri skilningur“. Þrír nemar úr fyrri hópi voru lítið eða ekkert í sambandi við samnema sína. Einn þeirra sagði: „Ekki mikið samband, en það er það sem ég vil einna helst bæta“.

Form samskipta nema á milli

Nemar nota ýmis form til samskipta. Tveir nemar læra saman daglega á Skype, þeir búa á sitt hvoru landshorninu og þekktust ekki áður en nám hófst. Nokkrir aðrir tilgreina Skype sem samskiptamiðil en auk þess nefna nemar símann, Facebook og tölvupóst. Blakkur er einnig notaður til að kasta fram spurningum og ræða saman og gerir kennurum kleift að taka þátt í umræðunni. Stór hópur hittist reglulega augliti til auglitis til að fara yfir námsefnið og eru það þeir nemar sem búa á sama landsvæði.

Nýting lotanna á Akureyri

Nemar eru allir ánægðir með námslotur á Akureyri. Þeim finnst gott að sjá andlit kennaranna, hitta og kynnast samnemum og geta farið á bókasafnið. Það sem þeir gagnrýna einna helst er að þar sé heldur mikil keyrsla, það megi sleppa hefðbundnum fyrirlestrum og hafa meira verklegt og umræður. Einn nemi sagði: „Mér finnst ég tengjast betur náminu í lotunum og gott að hitta kennarana“. Annar sagði: „Loturnar nýtast vel. Mætti vera meira um verklega kennslu í lotunum því fyrirlestrana má hlusta á heima“.

Ánægja og óánægja með fjarnámið

Flestir fjarnemar eru ánægðir með námið en hafa skoðanir á því hvað þeim finnst að mætti bæta. Fyrsta önn fjarkennslunnar einkenndist af töluverðum tæknilegum erfiðleikum (haust 2008) en það hefur lagast að mestu leyti. Einn nemi sagði: „Ég er alsæl með fjarnámið sem slíkt, að hafa tækifæri með því að læra eitthvað sem mig hefur langað í lengi, án þess að þurfa að hrófla við fjölskyldunni. Tæknilausnir ganga vel og hafa að mínu mati virkað fínt eftir byrjunarörðugleika“. Annar sagði: „Mér finnst það (námið) mjög gott. Væri gott að kenna kennurum betur á kerfið eins og með fyrirlestra þegar hljóð kemur ekki inn. Það er mjög slæmt“. Sá þriðji sagði: „Mér finnst fínt að hlusta á þessar upptökur en mundi vilja getað séð

kennarann stundum. Blakkur er pínu flókinn en það eru kennarar sem nota hann á réttan hátt og eru ekki að flækja málin“.

Nemar segjast nota um 50 tíma í námið á viku (30-70 tíma)

3 Sveigjanlegt nám - kennsluhættir

3.1 Skilgreiningar

Jafnan eru hugtökin fjarnám (distance learning) og fjarkennsla (distance education) notuð yfir þá kennsluhætti þegar nám (nemar) og kennsla (kennari) fara ekki fram (landfræðilega) á sama staðnum. Nemar stunda þá jafnan námið í sinni heimabyggð og geta þeir verið á einum stað eða fleirum, óháð staðsetningu skólans er býður upp á námið. Margvísleg hugtök eru notuð þegar rætt er um nám og kennslu með sveigjanlegu sniði. Hugtakanotkunin getur verið mismunandi eftir löndum og fræðasviðum. Sem dæmi um hugtök sem oft eru notuð þegar rætt er um nám í erlendum fræðigreinum eru: *active learning, asynchronous learning, blended learning, distributed education, experiential learning, flexible learning, lifelong learning, open learning, self-directed learning, situated learning, student-centred learning eða learner-centred learning, synchronous learning*. Listinn er langt því frá tæmandi en sýnir hversu margvísleg hugtök eru notuð. Vissulega skarast merking margra þessara hugtaka að meira eða minna leyti. Mason og Rennie hafa sett fram skilgreiningu á hugtakinu *distributed learning* og hvernig hugtakið skarast með *distance education, e-learning, blended learning og face-to-face learning*, sjá mynd 5 hér að neðan.



Mynd 5. The relationship of e- learning to distributed learning, Myndin er úr bókinni: Mason, R. and Rennie, F. (2006). eLearning: The Key Concepts. Routledge: London)

Hugtakið *distributed learning (education)* hefur verið þýtt á íslensku sem *dreifnám*. Það má segja að samkvæmt skilgreiningu Mason og Rennie bjóði HA nemum sínum upp á dreifnám. Hugtakið vísar til þess að kennsluformið bjóði upp á nám bæði fyrir fjarnema, t.d gegnum símenntunarmiðstöðvar, og nám fyrir staðarnema. Kennsluformið er þannig margvíslegt en nemar lesa sömu námskeið, fara í sömu próf óháð því hvort þeir eru staðarnemar eða fjarnemar.

> The 'distributed' description applies mainly to a) a form of distance education that is delivered across a wide geographical area, perhaps to multi-site campuses and/or local learning centres; and b) a form of blended learning in which the teaching and learning resources are distributed across a range of media types and communication styles. The intention of the term is to describe the process rather than a particular theory of learning, and usually refers to a form of educational delivery that is distributed in the context of *both* location and learning resources. (Mason og Rennie 2010 p. 6).

Það má einnig segja að Háskólinn á Akureyri bjóði nemum sínum upp á sveigjanlegt nám (flexible learning) að nokkru leyti. Hugtakið er útbreytt í Ástralíu en hefur ekki verið notað mikið um háskólanám t.d. í Bretlandi. Samkvæmt Mason og Rennie er hugtakið *flexible learning* náskylt *open learning* og vísar til þess markmiðs eða löngunar til að gera nám aðgengilegt á jafnréttisgrundvelli og þannig ryðja úr vegi hindrunum eins og landfræðilegri fjarlægð nema frá háskóla, heimilisaðstæðum, efnahag, fötlun o.s. frv. Eins og Mason og Rennie skilgreina hugtakið gengur sveigjanlegt nám í þeirra huga mun lengra í sveigjanleika en HA býður nemum sínum. Gert er ráð fyrir að nemar ákveði sjálfir hvað, hvenær, hvar og hvernig þeir læra og geti þannig sett saman námskeið og námslínur á milli menntastofnana. Þetta er ekki raunin í HA jafnvel þó að HA bjóði nemum sínum upp á sveigjanleika í námi með því að nýta sér tæknina til að auðvelda nemum aðgang að námi óháð búsetu og efnahag.

Hugtakið dreifnám hefur ekki náð fótfestu hér á landi svo neinu nemi, þótt það sé að sækja á. Aftur á móti hefur hugtakið sveigjanlegt nám verið mun meira notað. Eins og hugtakið dreifnám er skilgreint hér að ofan, nær það þó mun betur yfir þá kennsluhætti sem eru við lýði í HA og það námsform sem HA býður sínum nemum. *Höfundar að fyrirliggjandi skýrslu leggja þá merkingu í sveigjanlegt nám sem Mason og Rennie leggja í dreifnám.*

3.2 Skipulag og framkvæmd námskeiða

Hér að framan hefur verið fjallað um skipulag námsins við Háskólann á Akureyri innan hvers fræðasviðs, og rætt hefur verið um stoðþjónustuna og tæknimál. En ekki er síður mikilvægt að huga að kennslufræðilegum þáttum og gildir þá einu hvort um er að ræða staðarnám eða fjarnám. Kennslufræði er heil fræðigrein og efni í aðra skýrslu að fjalla ítarlega um kennslufræði fjarnáms. Hér á eftir verður aðeins stuttlega gerð grein fyrir hugmyndum starfshópsins varðandi kennslufræðileg atriði sem hann telur mikilvægt að huga að við stefnumótun sem miðar að því að afmá sem mest mörk staðbundins náms og fjarnáms.

Stefnumótunin sem starfshópurinn leggur til kallar á vandaða greiningu á kennslufræðilegum þörfum hverrar námsbrautar og námskeiða innan hennar. Mikilvægt er í því sambandi að taka mið af því að hver námsgrein hefur sín sérkenni. Í því efni þarf að horfa á ýmsa þætti eins og t.d.

hvaða tegund hugsunar og hvaða aðferðir eru sértækar fyrir hverja námsgrein fyrir sig („ways of thinking and practicing in subject area“), hvernig best verði stutt við nema þannig að þeir geti orðið virkir þátttakendur í faglegri umræðu tengdri námsgreininni og hvernig tryggt verði sem best að aðferðir við námsmat séu miðaðar við þarfir námsgreinarinnar sem um ræðir hverju sinni (Kreber 2009). Tilraunanámskeið eru vel til þess fallin að prófa hugmyndina um sveigjanlegt nám í framkvæmd. Í tengslum við þau er ætlunin að settar verði niður hugmyndir um hvernig best væri staðið að slíkri þarfagreiningu. Þess vegna hafa þrjú mjög ólík námskeið orðið fyrir valinu (sjá viðauka) og þannig horft á ólíkar hefðir innan námsgreina hvað kennsluhætti varðar. Mikilvægt í slíkri greiningu er að spyrja spurninga sem ná að svara sem best hvaða leiðir í kennslu og námsmati eru álitnar árangursríkastar í hverju námskeiði til að skila nemum með besta mögulega veganesti til frekara náms eða starfa að námi loknu.

Mörg módel hafa verið sett fram þar sem leitast er við að greina hvaða þættir hafa áhrif á nám og gæði þess. Skýrsluhöfundar hafa valið að nota módel frá Entwistle (2007) en þar hefur hann sett fram líkan þar sem dregnir eru fram allir þeir þættir sem taldir eru hafa áhrif á nám nema.



Mynd 6. (Entwistle (2007) "Heuristic model of influences on student learning within an interactive system."

Kjarninn í líkaninu er „quality of learning achieved". Önnur lykilhugtök eru hugtökin „congruence" og „WTPs" (Ways of Thinking and Practicing in subject area). Lykillinn að gæðum námsárangurs er, samkvæmt líkaninu, að *kennslu- og námsumhverfið* sé í sem bestu samræmi annars vegar við þá þætti í líkaninu sem lúta að nemum og hins vegar við það sem kallast WTPs (Ways of Thinking and Practicing in subject area). WTPs vísar til þess að nemar nái að tileinka sér þá tegund hugsunar og aðferðir sem taldar eru sértækar fyrir þá námsgrein sem um ræðir hverju sinni.

Upplýsinga- og samskiptatækni hefur á undanförnum áratugum haft mikil áhrif á náms- og kennsluumhverfi háskólans og á það við um allar námsgreinar. Undanfarna áratugi hefur sú þróun orðið, m.a. fyrir tilstilli upplýsinga- og samskiptatækninnar að sífellt fleiri nemar sækja inn í háskólana til að afla sér menntunar. Því fylgir að hópar fara stækkandi og breiddin verður meiri í hópnum. Bent hefur verið á að þetta breytta háskólaumhverfi feli í sér margvíslegar áskoranir. Eitt af því sem nefnt hefur verið í því sambandi er að viðsnúningur þurfi að eiga sér stað frá kennslumenningu yfir í námsmenningu. Slíkri námsmenningu hefur verið lýst þannig að hún

byggist á þremur grunnþáttum: sjálfsnámi, námi í rafrænu umhverfi og námi sem á sér stað gegnum félagsleg samskipti (Peters, 2000). Segja má að það markmið að skapa slíka námsmenningu falli mjög vel að stefnunni um sveigjanlegt nám við Háskólann á Akureyri.

Ein af forsendum þess að það megi takast er að lögð verði áhersla á vandaða greiningu, ekki bara á þörfum námsgreina og nema heldur einnig á því hvaða kröfur slíkt nám geri til nema og kennara og hvaða ábyrgð það leggur á þeirra herðar. Til að útskýra nánar hvað átt er við snúa þessar kröfur m.a. að því að nemar temji sér sjálfstæði í vinnubrögðum, læri á og nýti sér til fulls þau margvíslegu verkfæri sem bjóðast í náminu, s.s. ýmis samskiptatæki á vef, fjölbreytilegan hugbúnað, bókasafn og rafræna gagnagrunna, taki virkan þátt í námssamfélaginu, séu reiðubúnir að vinna með öðrum í hópverkefnum bæði í og utan kennslustunda, leggi sitt af mörkum í samvinnuverkefnum til jafns við aðra, taki virkan þátt í skipulögðum umræðum sem tengjast námsefninu jafnt í kennslustofum sem og í vefumhverfi. Í þessu samhengi er mikilvægt að hafa í huga að nemar þurfa að öðlast færni í upplýsingalæsi til að geta nýtt sér þau margvíslegu verkfæri sem þeim standa til boða í náminu.

Hér hafa aðeins verið nefnd nokkur atriði af mörgum sem gera má ráð fyrir að kennsluhættir í sveigjanlegu námi geri kröfu til. Hugmyndafræðinni bak við sveigjanleikann verður ef til vill best lýst þannig að leiðarljósið sé að búa nemum sveigjanlegt náms- og kennsluumhverfi sem er í senn krefjandi og hvetjandi og til þess fallið að stuðla að gæðalærdómi (quality of learning achieved). Þannig er það sameiginleg ábyrgð nema, kennara og skólayfirvalda að sveigjanleikinn skili þeim gæðum sem að er stefnt og mikilvægt að við stefnumótun og framkvæmd námsins sé þessi sameiginlega ábyrgð höfð að leiðarljósi.

3.3 Námsmat

Eitt af þeim atriðum sem mikilvægt er að huga að er hvernig best verður staðið að námsmati í umhverfi þar sem markmiðið er að afmá eins og frekast er unnt mörkin milli staðarnáms og fjarnáms. Mikilvægt er að horfa á námsmatið í heild sinni og taka mið af annars vegar þörfum námsgreinanna og hins vegar þeim breyttu kennsluháttum sem sveigjanleikinn hefur í för með sér. Skýrsluhöfundar hafa ákveðið að styðjast við hugmyndir sem Weigel (2002) og Nokelainen og Tirri (2002) hafa sett fram um námsmat. Weigel (2002) bendir á að skýr stefna um hvernig standa eigi að námsmati sé eitt af grundvallaratriðunum ef koma eigi á námssamfélagi sem stuðli að merkingarbæru námi. Weigel vekur athygli á takmörkunum lokamats (*e.* summative assessment) við slíkar aðstæður þar sem það geti komið í veg fyrir margvísleg tækifæri, áskoranir og þroska í gegnum námsferlið. Hann leggur áherslu á að námsmat sé sem mest innbyggt eða fléttað inn í allt námsferlið (*e.* embedded assessment). Nokelainen og Tirri (2002) vekja athygli á mikilvægi sjálfsmats og benda á að með sívaxandi netvæðingu náms sé þörfin fyrir verkfæri sem geri nemum kleift að fara í gegnum einhvers konar sjálfsmat orðin meiri. Með

slíku mati sé nemanum gert kleift að safna saman ýmsum upplýsingum sem máli skipta fyrir eigin námsframvindu. Hægt sé t.d. að bjóða upp á reglulegar sjálfskannanir, og einnig möguleika fyrir nemann að bera niðurstöður sjálfskannana saman við meðaltal hópsins.

Weigel (2002) hefur sett fram kennslulíkan sem byggist á blöndu af náms- og kennsluathöfnum í staðbundnu námsumhverfi og netumhverfi. Hugmyndir hans falla í ýmsu vel að þeirri hugmyndafræði sem lagt er upp með í framtíðarsýninni um sveigjanlegt nám. Ekki gefst rúm hér til að gera nánari grein fyrir líkaninu en bent er á Weigel (2002). Einnig fjallar Anna Ólafsdóttir (2003) nánar um kennslulíkan Weigel í M.Ed. ritgerð sinni.

Í umfjöllun um nám og netið bendir Weigel á að framgangur náms í netumhverfi hafi á vissan hátt liðið fyrir náin tengsl sín við fjarnám. Athyglin hafi í of miklum mæli beinst að því hvernig hægt sé að nýta tæknina til að ná í fleiri nema á markaðnum með fjarnámsframboði í stað þess að beina athyglinni að því hvernig hægt sé að nýta netið og verkfæri þess til að auðga nám og dýpka námsreynslu nema. Að mati Weigel hefur þetta staðið þróun háskólanáms í netumhverfi fyrir þrifum. Hann leggur áherslu á að horfa þurfi á verkfæri upplýsinga- og samskiptatækninnar sem jafnnauðsynlegan þátt í námi allra nema hvort sem þeir stunda staðarnám eða fjarnám (Weigel, 2002).

4 Stefnumótun

Háskólinn á Akureyri hefur um margt náð góðum árangri. Fjöldi nema í fjarnámi hefur vaxið og einnig hefur námsleiðum fjölgað. Hins vegar er ljóst að HA stendur frammi fyrir margvíslegum áskorunum á komandi misserum bæði hvað varðar fjarnám og hefðbundið staðarnám. Sú staðreynd að fjárframlög til háskóla eru háð nemafjölda hlýtur að sníða fámennum skóla þröngar skorður hvað varðar fjölbreytni í námsframboði. Þetta hefur HA reynt á eigin skinni undanfarin ár og ekki er séð fyrir að á því verði breyting á komandi árum. Því mun verða kappkostað á komandi misserum að leita leiða til að fjölga nemum og þá einkum fjarnemum þar sem þar eru helst sóknarfæri að mati vinnuhópsins.Takmarkanir á aðgangi að námi eru í meginatriðum tvenns konar fyrir utan staðsetningu nema, þ.e. tímasetning kennslu og hópatakmarkanir. Starfshópurinn telur að þær leiðir og áherslur sem fram koma hér á eftir og taka á þeim takmörkunum séu í raun aðeins fyrsta skref í þeirri viðleitni að mæta markmiðunum sem sett voru í skipunarbréfi rektors.

Að greina færar leiðir til að gera háskólann leiðandi í þróun fjarnáms á Íslandi í samstarfi við símenntunarstöðvar og háskólasetur á landsbyggðinni

Að leita leiða til að fjarnám við HA verði aðgengilegt sem flestum landsmönnum með tilskilinn undirbúning

Spurningunni um framtíðarþróun fjarnáms við HA þarf því að svara í heildarsamhengi alls námsframboðs í skólanum og með hliðsjón af þeim greiðslulíkönum sem hið opinbera notar til að ákvarða fjárframlög til háskólanna. Frekari þróun fjarnáms með sama hætti og verið hefur þar sem fjarnám er boðið samhliða staðarnámi kann að fela í sér tækifæri fyrir HA þannig að nýtt námsframboð í fjarnámi verði fyrst og fremst til þess að stækka heildarhóp allra mögulegra nema. Gera þarf kostnaðargreiningu til að athuga hvort mögulegt sé að gera breytingar sem geri HA kleift að bjóða nemum aukin sveigjanleika í námi jafnframt því að kostnaður við námið rúmist innan þess ramma sem kostnaðarlíkön hins opinbera setja um fjárveitingar til háskóla.

Í lokaskýrslu verkefnishóps við Háskóla Íslands um mótun stefnu í fjarkennslumálum hins sameinaða háskóla frá nóvember 2007 (Guðrún Geirsdóttir et al) og í skýrslu um úttekt og stöðugreiningu fjarnáms við íslenska háskóla frá janúar 2007 (Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir et al) kemur fram að gera má ráð fyrir að mörkin milli fjarnáms og staðarnáms muni hverfa í framtíðinni. Nú þegar hafa verið þróaðir margvíslegir kennsluhættir þar sem staðar- og fjarnám er samofið og þá oft talað um blandað nám eða dreifnám (Hrastinski 2010, Mason og Rennie 2008 og 2010). Starfshópurinn telur að hugsanlega megi fjölga nemum í staðbundnu námi og jafnframt efla og styrkja fjarnámsframboð. Lykillinn að lausninni er **að líta ekki á námsframboðið sem staðarnám og fjarnám heldur að nám við háskólann sé boðið með hámarks sveigjanleika fyrir sem flesta nema**. Einnig að námskeið háskólans verði undirbúin

með það að markmiði að þau megi kenna nánast óbreytt í tilskilinn árafjölda, allt að fimm árum, óháð stað og stund fyrir nema. Það skal þó ítrekað að mjög mismunandi er eftir námskeiðum hversu fljótt kennsluefni úreldis. Til að unnt sé að meta þá möguleika, sem í þess háttar breytingu kunna að vera fólgnir, þarf að skoða frá grunni kostnað við að búa til og reka námskeið og þær breytingar sem nauðsynlega þyrfti að gera á þeim líkönum sem byggt er á við mat á umfangi á vinnu kennara við námskeið.

Í núverandi fyrirkomulagi annast kennarar sjálfir hönnun og rekstur námskeiða ef svo má segja; kennarinn ákveður með hliðsjón af náms- og kennsluskrám og námsmarkmiðum hvaða kennslugögn eru notuð, býr til verkefni, heldur fyrirlestra og annast námsmat svo fátt eitt sé nefnt. Þetta gerir kennarinn alla jafna á hverju ári. Ef ætlunin væri að gera námsframboð skólans óháðara stað og stund og búa það þannig út í upphafi að ákveðnir þættir í inntaki hvers námskeiðs gætu jafnvel staðið lítt eða óbreyttir í einhvern tíma er ljóst að leggja þyrfti mun meira í hönnun og undirbúning námskeiða, til dæmis hvað varðar framsetningu námsefnisins, en gert hefur verið til þessa. Því má hugsa sér að teymi sérfræðinga undir forystu umsjónarkennara vinni sameiginlega að hönnun námskeiðs sem yrði svo kennt í þeirri mynd í tilskilinn árafjölda. Umsjónarkennari hefði með öðrum orðum sérfróða aðila t.d. í kennslufræði fjarkennslu, hljóð- og myndvinnslu, grafískri hönnun, veflausnum og fleiri þáttum til að vinna með sér að hönnun námskeiðsins. Á móti auknum framleiðslukostnaði námskeiða í upphafi kæmi lægri rekstrarkostnaður þegar litið væri til lengri tíma. Kennarar myndu verja tíma sínum með öðrum hætti miðað við þetta fyrirkomulag. Þeir væru ekki að flytja sama eða lítt breytta fyrirlesturinn ár eftir ár heldur gætu varið tíma í meiri samskipti við nema en nú er og lagt áherslu á einstaklingsmiðaðra nám ef það hentaði. Þess þarf þó að gæta vel, að með því að taka upp ákveðna hluta fyrirlestra, verði áfram sá sveigjanleiki til staðar í náminu sem kennarinn telur ákjósanlegan þannig að tæknin styðji við námið en reyri það ekki í fjötra.

Fyrirkomulag af þessu tagi fæli ekki í sér lægri greiðslur til kennara fyrir þá vinnu sem þeir inna af hendi en hins vegar umtalsverðar breytingar á tilhögun vinnunnar. Aukinn sveigjanleiki gæti líka gagnast bæði kennurum og háskólanum við skipulag námsins í heild. Þannig yrði væntanlega mun auðveldara að leysa tilhögun kennslu í rannsóknamisserum eða þegar kennarar fara í fæðingarorlof. Fámenn námskeið eða sveiflukenndur fjöldi nema í námskeiði ætti heldur ekki að vera til vandræða því við mat á ásættanlegum framleiðslukostnaði námskeiða þyrfti fyrst og fremst að horfa á heildarfjölda nema á líftíma námskeiðsins frekar en nemafjölda á einstökum árum.

Starfshópurinn leggur til að vorið 2011 verði valin tilraunanámskeið (pilot) á hverju fræðasviði eða þverfagleg námskeið þar sem framangreint fyrirkomulag verði prófað, þ.e. a.m.k. þrjú námskeið. Eðlilegast er að hvert fræðasvið eða deild ákvarði hvaða námsfyrirkomulag verði í boði með það að markmiði að hafa það sem sveigjanlegast án þess að það bitni á gæðum

námsins. Með þessum hætti myndi Háskólinn á Akureyri bjóða upp á nám og hver námsleið hefði sínar kennslulausnir sem fram kæmu í kennslu- og námskeiðslýsingum. Af því leiðir að þegar nemi innritar sig í nám við HA hefur hann þar með valið sér námsleið og kennslulausnir og ekki er um að ræða aðgreiningu staðar eða fjarnema. Tilrauna námskeiðin sem starfshópurinn hefur valið í samráði við kennara má finna í viðauka 7.5.

Starfshópurinn leggur til að hver námsbraut miði að því að bjóða upp á nám með sem mestum sveigjanleika með tilliti til staðsetningar og stundar. Hvaða kennslulausnir eru í boði á hverri námsbraut verður að koma fram í náms- og kennsluskrám. Þegar nemandi innritar sig í námið veit hann nákvæmlega hvaða þjónustustig og kennslufyrirkomulag hann hefur valið og því er ekki um að ræða aðgreiningu á staðar- eða fjarnemum. Með þessu fyrirkomulagi verður allt nám við Háskólann á Akureyri í boði fyrir alla landsmenn með tilskilinn undirbúning en misjafnt eftir deildum og námskeiðum hvaða kennsluaðferðum verður beitt. Nemar geta þá séð strax hvort upptökur og/eða myndfundir eru í boði, á hvaða tíma er kennt og hvernig lotum er háttað o.s.frv. Nemar hafa þannig forsendur til að taka upplýsta ákvörðun þegar þeir skrá sig til náms.

Í þessu samhengi má geta þess að við University of Highlands and Islands (UHI) í Skotlandi er litið svo á að boðið sé upp á nám með mismundi kennsluaðferðum og þar er ekki gerður greinarmunur á fjarnámi og staðarnámi heldur er boðið upp á nám með mismunandi útfærslum og sveigjanleika. Bæði HA og UHI þurfa að horfast í augu við aukna samkeppni um háskólanema og að leiðin til að auka nemafjölda í námskeiðum er sú að bjóða upp á sveigjanlegt nám og gera það þannig aðgengilegt fyrir mun stærri hóp. Bregðist HA ekki við minni aðsókn í staðarnám og bjóði ekki upp á sveigjanlegt nám, munu aðrir grípa tækifærið sem HA hefur núna.

4.1 Leiðir til úrbóta

Til þess að Háskólinn á Akureyri verði leiðandi í fjarkennslu þarf að huga að mörgum mismunandi þáttum. Hér að aftan eru taldir upp nokkrir þættir sem starfshópurinn telur mikilvægt að hafa í huga. Fyrst er fjallað um þætti sem snúa að kennsluaðferðum og þá um leið að nemum og kennurum, þá er vakin athygli á þáttum sem lúta að tæknimálum. Hafa ber í huga að eftirfarandi atriði eru mikilvæg að mati starfshópsins en listinn er ekki tæmandi.

- Myndfundir á daginn geta takmarkað aðgengi nema að fjarnámi þar sem margir þeirra eru í vinnu með námi. Það fælir frá að þurfa að sækja kennslustundir á vinnutíma. Nauðsynlegt er að miða við að fólk geti stundað fjarnám með vinnu og myndfundir séu utan dagvinnutíma.
- Myndfundir sem eru beinar útsendingar á fyrirlestrum úr staðbundinni kennslu án merkjanlegrar þátttöku fjarnema geta allt eins verið upptökur. Á það má benda að þegar fjöldi fjarnema víðs vegar frá tengist á sama myndfund verður möguleiki hvers og eins til samskipta ákaflega takmarkaður. Betra er að nýta

upptökur af fyrirlestrum og hafa þess í stað sérstaka umræðu- eða verkefnatíma í myndfundum. Þess má geta að í UHI í Skotlandi eru fyrirlestar ekki sendir út í myndfundi. Myndfundir eru eingöngu notaðir í umræður, verkefnavinnu o.þ.h. Með því að nota myndfundi á þennan hátt mætti safna þeim saman á ákveðna daga þannig að nemar gætu t.d. sótt myndfundi einn dag aðra hverja viku eða fyrir utan dagvinnutíma. Það gæfi fleirum tækifæri til að stunda fjarnám.

- Námsumhverfi eins og Moodle gefur mikla möguleika á sveigjanlegu námi. Auka þarf aðstoð við kennara í notkun þessa námsumhverfis/kennslutækis.
- Staðbundnar lotur eru afar mikilvægar fyrir námsárangur og einnig til þess að nemar haldist í námi. Mikilvægt er að nemar hittist við upphaf náms. Miklu skiptir hvað gert er í staðbundnum lotum. Þær á að nýta til umræðna, verkefnavinnu, dæmatíma, verklega æfinga og félagslegrar samveru til að þjappa saman nemum og kennurum. Það ætti að forðast að hafa fyrirlestra í lotum. Þá má taka upp og setja í Moodle. Stundum er auðvitað nauðsynlegt að senda út með myndfundabúnaði en draga má úr fjarfundum sem sendir eru út í símenntunarmiðstöðvarnar til að auka sveigjanleika í náminu.
- Æskilegt væri að geta sett inn í hverja lotu ákveðna tíma í aðstoð við fjarnema, t.d. varðandi notkun á kennslubúnaði, þjálfun í upplýsingalæsi, skipulag náms og prófatækni svo eitthvað sé nefnt. Mikilvægt er að skipuleggja þetta í samstarfi við stoðþjónustu HA, s.s. gagnasmiðju, bókasafn og náms- og starfsráðgjafa og miða framboðið í hverri lotu við þarfir nema. Verkleg þjálfun og ýmsir þættir kennslu sem erfitt er að framkvæma í fjarnámi eiga heima í staðbundnum lotum. Það takmarkar að sjálfssögðu það nám sem hægt er að bjóða fólki búsettu erlendis en þó ætti að vera hægt að gera þá kröfu að nemar mæti í HA a.m.k. einu sinni á hverju námsári.
- Hópstuðningur er mjög mikilvægur í öllu námi en er eðlilega takmörkunum háður í sveigjanlegu námi. Það þarf að skoða vel hvaða leiðir hægt er að bjóða nemum til að auðvelda þessa hópamyndun, s.s. möguleikar í Moodle, Skype, MSN, WebEx og fl. Auk þess sýnir reynslan að nemar á fjarstöðum veita hver öðrum hópstuðning þrátt fyrir að vera ekki í sama fjarnámi eða jafnvel ekki í sama skóla.
- Nauðsynlegt er að kennarar fái nægan stuðning í formi upplýsinga um skipulag og eðli sveigjanlegrar kennslu, aðstoð við uppsetningu námskeiða, upptökur o.s.frv. Gera þarf fræðsluáætlun fyrir fjarnámið þar sem greind er þörf kennara fyrir fræðslu og þjálfun í ýmsu sem varðar kennslufræði, framsetningu kennsluefnis, tækni o.fl. Kanna þarf hvort hentugra væri að halda fræðsluviku fyrir kennara (þegar nemar eru í verkefnaviku) eða skipuleggja námskeið sem kennarar taka meðfram vinnu. Ef vel á að takast til með fræðsluna verður hún að vera skylda og forsenda þess að kennarar vinni við fjarkennslu. Forsetar fræðasviða ættu að bera ábyrgð á því að viðkomandi kennarar sitji þessi skyldunámskeið þar sem þau yrðu hluti af starfskyldu kennaranna. Þetta kallar á aukna fjárfestingu í stoðþjónustu sem er nauðsynleg ef HA ætlar að bjóða upp á

sveigjanlegt nám í flestum eða öllum fræðigreinum sem þegar eru kenndar án þess að gefa afslátt af gæðum.

- Gæta þarf meiri samræmingar í kennsluaðferðum þar sem það er hægt. Það vantar heildarramma utan um námið. Námskeiðslýsingar verða að vera nákvæmar og ábyrgð á hverjum verkþætti skýr. Hver námsleið sem kennd er í fjarkennslu þarf að hafa tilsjónarmann, t.d. deildarstjóra sem ber ábyrgð á samhæfingu og samræmi í kennslunni. Hann hefur eftirlit með því að kennsluáætlanir standist, skipuleggur staðbundnu loturnar, gengur úr skugga um að próftöflur séu eins hentugar nemum og kostur er hverju sinni og er nemum innan handar með mál sem upp koma vegna námskeiðsins.
- Nemar ættu á fyrsta misseri að sækja skyldunámskeið þar sem farið væri yfir notkun á kennslukerfum á netinu, upptökum, námsaðferðum o.s.frv. Námskeiðið þyrfti þó að vera þannig upp sett að það yki ekki til muna álag á misserinu og að nemar sem hafa þessa færni þyrftu ekki að leggja á sig mikla aukavinnu vegna þess. Eðlilegt væri að þetta námskeið hæfist í nýnemavikunni en væri í gangi fyrsta misserið.
- Mikilvægt er að greina skipulega þarfir nema en ekki er síður mikilvægt að því fylgi greining á því hvaða kröfur sveigjanlegt námsfyrirkomulag geri til nema og þess hvernig þeir bera sig að við námið. Sveigjanlegt nám gerir ákveðnar kröfur til nema ekki síður en til kennara og HA sem mennta- og rannsóknastofnunar. Þetta á til dæmis við um ábyrgð nema á eigin námi, kröfur sem námskeiðin gera til virkni þeirra og þátttöku o.s.frv.
- Í upphafi námskeiða verða kennarar að gera nemum ítarlega grein fyrir fyrirkomulagi námskeiðsins, markmiðum, kennslutilhögun, námsmati, verkefnum, aðgengi að námsefni svo eitthvað sé nefnt. Þannig að tryggt sé að nemar og kennarar hafi sömu sýn á vinnuna sem er framundan í námskeiðinu. Þessi atriði eiga að koma fram í kennsluáætlunum.
- Til að sveigjanleikinn náist er mikilvægt að hverfa frá rauntímakennslu yfir í upptökur þannig að nemar geti lært þegar þeim hentar. Í UHI í Skotlandi, þar sem mikil áhersla er lögð á sveigjanlegt nám, sagði prófessor Frank Rennie þegar hann var spurður um stefnu háskólans eftirfarandi: „Videoconferences are convenient for the staff. It is easy to move forward from face-to-face to videoconferences, which means laziness. But now we are moving the teaching from videoconferencing to asynchronised teaching. Changes in the pedagogical model push these changes forward.” (Samtal við Rennie 7. apríl 2009).

Auk ofangreindra þátta, bendir starfshópurinn á eftirfarandi atriði sem snúa að tæknimálum og hafa verður í huga við skipulagningu sveigjanlegs náms.

- HA þarf að fjárfesta í hugbúnaði í samræmi við óskir þeirra sem bera ábyrgð á rekstri og viðhaldi tækja, t.d. auðveldar það kennurum vinnuna ef samskonar tækjabúnaður er í hverri stofu. Einnig þarf viðhald og allt eftirlit að vera

markvisst. Vinnuferlar og ábyrgð að vera skýr sem endurspeglast í því að boðleiðir eru stuttar og skýrar þannig að kennarar komi ekki at læstum stofum eða húsum svo dæmi sé nefnt. Ennfremur þarf upplýsingagjöf að vera skilvirk, t.d. ef skipt er um tæki í kennslustofu sé kennurum tilkynnt það fyrirfram.

- Endurskoða þarf afgreiðslutíma stoðþjónustunnar þegar fjarnemar eru á staðnum í lotum.
- Gera þarf kröfu til símenntunarmiðstöðvanna/háskólasetra um lágmarks búnað. T.d. er óánægja með upplausn í útsendingum en ekki er hægt að senda út á betri upplausn en lélegasta tækið í keðjunni getur tekið á móti, þannig getur ein símenntunarmiðstöð (veiki hlekkurinn í keðjunni) orðið til þess að allar hinar taka á móti sendingum í lélegri upplausn þó tækin hjá þeim ráði við mun hærri upplausn.

Starfshópurinn leggur til að skipaður verði þriggja manna vinnuhópur í síðasta lagi í ágúst 2010 sem hefur það hlutverk að aðstoða umsjónakennarann við að þróa tilraunanámskeiðin, sjá viðauka 7.5. Jafnframt yrði það hlutverk þeirra að greina hvað þarf að koma til innan HA svo skipuleggja megi námskeiðin í þeim anda sem hér er lagt til. Æskilegt væri að í vinnuhópnum hafi sæti aðilar með góða þekkingu á tæknimálum og kennslufræði.

Að lokum viljum við benda á að í nýútkominni bók sinni *Nätbaserad utbildning – En introduktion*, bendir Stefan Hrastinski á fjölmargar leiðir fyrir kennara sem eru að stíga sín fyrstu skref í kennslu þar sem blandað er saman ólíkum kennsluháttum með hjálp tækninnar. Hann kemur m.a. inn á kennslufræði, tæknimál og samskipti. Hrastinski fjallar ennfremur um kosti og galla sveigjanlegs náms og hvernig nota má tæknina til að bæta kennsluhætti.

5 Lokaorð

Starfshópurinn leggur til að hætt verði að gera greinarmun á staðar- og fjarnámi. Í stað þess bjóði Háskólinn á Akureyri upp á sveigjanlegt nám þar sem nemandinn er í fyrirrúmi. Þannig skipuleggi fræðasvið HA nám með hámarksveigjanleika án þess að rýra gæðin. Þeim námsleiðum sem eru í boði, ásamt þeim kennslulausnum sem notaðar verða, verði lýst á skýran og hnitmiðaðan hátt í kennslulýsingu hvers námskeiðs. Námslýsingar þurfa að vera aðlaðandi, spennandi og lýsandi. Starfshópurinn leggur til að vorið 2011 verði gerðar tilraunir með þrjú valin námskeið þar sem sveigjanlegt nám er í fyrirrúmi.

Með þessu fyrirkomulagi sem nefnt er hér að framan er allt nám við Háskólann á Akureyri í boði fyrir alla landsmenn með tilskilinn undirbúning. Eðli málsins samkvæmt getur það verið mismunandi eftir deildum hvaða kennslulausnir eru í boði. Nemar geta séð við innritun hvort upptökur og/eða myndfundir eru í boði, á hvaða tíma er kennt og hvernig lotum er háttað o.s.frv. Nemar taka upplýsta ákvörðun þegar þeir skrá sig til náms og vita að hverju þeir ganga.

Háskólinn á Akureyri verður leiðandi í fjarnámi á Íslandi með því að aðlaga námsframboð sitt að þörfum nema með sveigjanlegu námi. Þetta er lykilatriði sem jafnframt samræmist framtíðarsýn Kvasis. Símenntunarmiðstöðvarnar og háskólasetrin gegna mikilvægu hlutverki sem þjónustu-aðilar við háskólanema. Mikilvægt er að hlúð verði að því góða samstarfi sem HA á nú þegar við símenntunarmiðstöðvarnar og háskólasetrin ásamt því að efla samstarfið við atvinnulífið og sveitarfélögin í landinu.

6 Heimildaskrá

Anna Ólafsdóttir. (2003). *Mat á notkun upplýsinga- og samskiptatækni í námi og kennslu í Háskólanum á Akureyri.* Óbirt M.Ed ritgerð: Kennaraháskóli Íslands.

Entwistle, N. (2007). Research into student learning and university teaching.Í N. Entwistle & P. Tomlinson (ritstjórar), *Student learning and university teaching* (bls. 1-18). Leicester: The British Psychological Society.

Fjarkennsla í Háskólanum á Akureyri skólaárið 2004-2005 : *Viðhorfskönnun meðal kennara*. Ágúst 2006.

Grönfeldt, S. og Strother, J. B. (2006). *Service leadership: the quest for competitive advantage.* Thousand Oaks: SAGE Publications.

Guðrún Geirsdóttir [et al.] (2007). *Mótun stefnu í fjarkennslumálum hins sameinaða háskóla.* Lokaskýrsla verkefnishóps. Reykjavík: Háskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands. Sótt 15. janúar 2010 af http://hi.is/is/skolinn/kennslumidstod [Skýrsla]

Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir [et al.] (2007). *Fjarnám við íslenska háskóla: úttekt og stöðugreining. Skýrsla unnin fyrir Menntamálaráðuneytið*. RHA (40 s.). http://www.rha.is/skrar/File/Rannsoknir/2007/fjarnam_isl_hask_lokask.pdf. [Skýrsla]

Hrastinski, S. (2010). *Nätbaserad utbildning - En introduktion.* Lund, Studentlitteratur.

Kreber, C. (2009). *The university and its disciplines : teaching and learning within and beyond disciplinary boundaries*. New York: Routledge.

Mason, R. og Rennie, F. (2006). *e-Learning: The Key Concepts.* London: Routledge.

Mason, R. og Rennie F. (2008) *E-Learning and Social Networking Handbook: Resources for Higher Education.* London: Routledge.

Mason, R. og Rennie, F. (2010). *Definitons of types of learning modes.* Abstracted from 2006 publication. (óbirt ljósrit frá Rennie 15. apríl 2010).

Net University, Transfer of Innovation in Continuing University Education. Best practice Report (2009). Ritstjóri. Stefanía Kristinsdóttir. Leonardo. http://demo.smartlabrador.ca/netu/files/reports/the_best_practice_report_transfer_of_innovation.pdf. [Skýrsla]

Nokelainen, P. og Tirri, H. (2002). Issues in Designing an Interactive Personalized Self-Assessment Tool. Í H. Niemi og P. Ruohotie (ritstjórar), *Theoretical Understandings for Learning in the Virtual University* (bls. 73-90). Saarijärven: Research Centre for Vocational Education and Training.

Peters, O. (2000). The transformation of the university into an institution of independent learning. Í T. Evans og D. Nation (ritstjórar), *Changing University Teaching: Reflections on Creating Educational Technologies* (bls. 24-33). London: Kogan Page Limited.

Stefna Háskólans á Akureyri 2007-2011.
http://www.unak.is/static/files/Stjornsysla_stefnumal/stefna_2007til2011.pdf

Weigel, V. B. (2002). *Deep learning for a digital age*. San Francisco: Jossey-Bass.

Þjónustukönnun vegna fjarkennslu : *Viðhorfskönnun nemenda í fjarnámi 2003-2004*. Júlí 2006.

7 Viðaukar

7.1 Nýliðun í fjarnámi og staðarnámi

Tafla 1 Nýliðun í fjarnámi og staðarnámi (aðeins þar sem í boði er fjarnám)

Nýnemar staðarnám	98	99	00	01	02	03	04	05	06	07	08	09
Hjúkrunarfræði	29	44	32	25	33	42	54	45	61	38	29	30
Iðjuþjálfunarfræði	14	20	14	18	11	37	19	29	18	16	9	15
Grunnskólakennarafræði	35	29	30	65	69	52	51	29	17	14	19	30
Leikskólakennarafræði	57	21	16	19	17	29	23	10	9	17	22	
Viðskiptafræði	82	65	77	103	42	52	55	39	68	70	51	11
Auðlindafræði	14	10	9	57	31	32	36	18	21	21	29	19
Samtals (utan iðju til 2008)	**217**	**169**	**164**	**269**	**192**	**207**	**219**	**141**	**176**	**160**	**159**	**105**

Nýnemar fjarnám	98	99	00	01	02	03	04	05	06	07	08	09
Kennsluréttindi	3	51	1	60	44	42	63	60	2	65	69	
Hjúkrunarfræði	10	1	29	17	14	22	10	32	30	18	23	46
Iðjuþjálfunarfræði											26	12
Grunnskólakennarafræði		15	43			44	60	24	36	11	8	23
Leikskólakennarafræði		2		27	76	43	46	16	15	11	21	
Viðskiptafræði	2	1	22	153	63	135	57	86	110	119	151	64
Auðlindafræði			2	1	36	23	23	9	13	12	16	18
Samtals (utan kennsluréttinda)	**12**	**19**	**96**	**198**	**189**	**267**	**196**	**167**	**204**	**171**	**245**	**163**

Hlutfall	98	99	00	01	02	03	04	05	06	07	08	09
Hjúkrunarfræði	26%	2%	48%	40%	30%	34%	16%	42%	33%	32%	44%	61%
Iðjuþjálfunarfræði											74%	44%
Heilbrigðisdeild	19%	2%	39%	28%	24%	22%	12%	30%	28%	25%	56%	56%
Grunnskólakennarafræði		34%	59%			46%	54%	45%	68%	44%	30%	43%
Leikskólakennarafræði		9%		59%	82%	60%	67%	62%	63%	39%	49%	
Kennarafræði	0%	25%	48%	24%	47%	52%	59%	51%	66%	42%	41%	43%
Viðskiptafræði	2%	2%	22%	60%	60%	72%	51%	69%	62%	63%	75%	85%
Auðlindafræði			18%	2%	54%	42%	39%	33%	38%	36%	36%	49%
Samtals	**5%**	**10%**	**37%**	**42%**	**50%**	**56%**	**47%**	**54%**	**54%**	**52%**	**61%**	**61%**
Samtals fjar- og staðarnám	**229**	**188**	**260**	**467**	**381**	**474**	**415**	**308**	**380**	**331**	**404**	**268**

7.2 Kennslulausnir

	Minnstur sveigjanleiki	**Meðalsveigjanleiki**	**Mestur sveigjanleiki**
Kennslutími	Fastur með dagskóla	Fastur utan dagskóla	Þegar nemandanum hentar
Fjarfundir	Áhersla á fjarfundi	Fáir fjarfundir	Engir fjarfundir
Upptökur	Lítið sem ekkert tekið upp og birting skilyrt við hópa eða tíma	Hluti tekinn upp og birtur	Allt tekið upp og öllum nemum námskeiðs aðgengilegt allan námstímann
Blakkur			
Hópar	Lágmarkshópastærð og/eða hámarksfjöldi hópa		Engin skilyrði um hópa
Lotur	Margar lotur, mætingarskylda	Fáar lotur	Engar lotur
Námsmat	Hópverkefni, próf á fjarenda		Einstaklingsverkefni, vefpróf
Námsefni	Efni frá kennara aðgengilegt á vef	Hluti námsefnis aðgengilegt á vef	Allt námsefni aðgengilegt á vef

Tafla A. Búið er að færa inn kennslulausnir þannig að þær raðast frá vinstri til hægri eftir sveigjanleika.

7.3 Yfirlit fjarkennslustaða

	Kennslustofur	Fjarfundabúnaður	Fjarkennslubúnaður	Þráðlaust net	Kaffistofa / aðstaða	Lesstofa	Aðgengi að tölvum	Prentari	Tækniaðstoð	Tækniumsjón (fjarf.)	Ljósritunarvel	Próftaka	Gjald á misseri (þ. Kr.)		Adress	Námsráðgjöf	Námsaðstoð	Opnunartími	Lykill	Starfsstöð	Námsver	Grunnskólinn	Heimasíða	Starfsmenn	Kennt 09-10
Farskólinn á Norðurlandi vestra																									
Blönduós	2	1	1	já	já		já	já	já	já	já	já	?			Nei		Lykill							x
Hvammstangi	2	1	1	já	já		já	já	já	já	já	já	?			Nei		Lykill							
Sauðárkrókur	4	4	3	já	já		já	já	já	já	já	já	5,0			já	já	Lykill	já						x
Skagaströnd	4	1	1	já	já		já	já	já	já	já	nei	?			Nei		Lykill							
	1	1	1	nei	já		nei	já	nei	nei	já	já	?			Nei		8-20							
Háskólafélag Suðurlands																									
Árborg	3	3	2	já	já	já	nei	nei	nei	já	nei	já	0,0			Nei	nei	lykill		já	já	já			
Flúðir	1	1									nei	nei	0,0			Nei						já			
Hvolsvöllur	1	1									nei	nei	0,0			Nei						já			
Kirkjubæjarklaustur	1	1									nei	já	0,0			Nei						já			
Vík	1	1									nei	nei	0,0			Nei									
Háskólasetur Vestfjarða																									
Hólmavík	1	1	1	já	já		já	já	já	já	já	nei	?			Nei									
Ísafjörður	6	3	2	já	já	já	já	já	já	já	já	já	1,5			Nei	nei	lykill		já	já				
Patreksfjörður	1	1	1									já	?			Nei									
Tálknafjörður																									
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum																									
Grindavík	1	1	1	nei	já	já	nei	nei	nei	já	nei	nei	7,5			já	nei	lykill			já				
Reykjanesbær	9	5	5	já	já	já	já	nei	nei	já	já	já	7,5			já	nei	lykill		já	já				
Námsflokka Hafnarfjarðar – Miðstöð símenntunar																									
Hafnarfjörður	5	3	1	50		100	12	já		já		já	8,0												
Símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi																									
Akranes	1	1		já	já	já	já	já	já	já	já	já	8,0			já									
Borgarnes	2	1		já	já	já		já	já	já	já	já				já									
Búðardalur	2	1	1	já	já			já	já		já	já	0,0			já									
Grundarfjörður	2	1	1	já	já	já	já	já	já	já	já	já	10,0			já									
Snæfellsbær	2	1	1	já	já	já	já	já	já		já	já	10,0			já						já			
Stykkishólmur	1	1		já				já			já	já	?			já						já			
Viska – Vestmannaeyjum																									
Vestmannaeyjar	3	3	2	já	já	já	já	já	ja	já	já	já	0,0			já	nei/já	lykill		já	já				
Þekkingarnet Austurlands																									
Breiðdalsvík																									
Djúpivogur	1	1										nei									já				
Egilsstaðir	5	4	3	já	já	já	já	já	já	já	já	já	0,0			já	já	lykill		já	já				
Fáskrúðsfjörður	1		1									nei									já				
Höfn	4	4	2	já	já	já	já	já	já	já	já	já	0,0			já	já	lykill		já	já				
Neskaupstaður	2	3	1	já	já	já	já	já	já	já	já	já	0,0			já	já	?		já	já				
Reyðarfjörður	3	3	2	já	já	já	já	já	já	já	já	já	0,0			já	já	lykill		já	já				
Seyðisfjörður	1	1										nei									já				
Stöðvarfjörður	1		1									nei									já				
Vopnafjörður	3	3	1	já	já	já	já	já	já	já	já	já	0,0			já	já	lykill		já	já				
Þekkingarsetur Þingeyinga																									
Húsavík	3	3	1	já	já	já	já	já	já	já	já	já	0,0			já	já	lykill		já	já				
Mývatn																									
Raufarhöfn	1	1										nei									já				
Þórshöfn	1	1		já	já	já	já	já	já	já	já	já	0,0			já		lykill		já	já				

Eftirfarandi er listi yfir samstarfsaðila Háskólans á Akureyri og helstu staði á starfssvæði þeirra:

- Farskólinn á Norðurlandi vestra
  - ✓ Blönduós
  - ✓ Hvammstangi
  - ✓ Sauðárkrókur
  - ✓ Skagaströnd
- Háskólafélag Suðurlands
  - ✓ Árborg
  - ✓ Flúðir
  - ✓ Hvolsvöllur
  - ✓ Kirkjubæjarklaustur
  - ✓ Vík
- Háskólasetur Vestfjarða
  - ✓ Hólmavík
  - ✓ Ísafjörður
  - ✓ Patreksfjörður
  - ✓ Tálknafjörður
- Miðstöð símenntunar á suðurnesjum
  - ✓ Grindavík
  - ✓ Reykjanesbær
- Námsflokkar Hafnarfjarðar – Miðstöð símenntunar
  - ✓ Hafnarfjörður
- Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi
  - ✓ Akranes
  - ✓ Borgarnes
  - ✓ Búðardalur
  - ✓ Grundarfjörður
  - ✓ Snæfellsbær
  - ✓ Stykkishólmur
- Viska – Vestmannaeyjum
  - ✓ Vestmannaeyjar
- Þekkingarnet Austurlands
  - ✓ Breiðdalsvík

- ✓ Djúpivogur
- ✓ Egilsstaðir
- ✓ Fáskrúðsfjörður
- ✓ Höfn
- ✓ Neskaupstaður
- ✓ Reyðarfjörður
- ✓ Seyðisfjörður
- ✓ Stöðvarfjörður
- ✓ Vopnafjörður

- Þekkingarsetur Þingeyinga
  - ✓ Húsavík
  - ✓ Mývatn
  - ✓ Raufarhöfn
  - ✓ Þórshöfn

7.4 Samtök Símenntunarmiðstöðva á Íslandi (KVASIR)

Ályktun Kvasis um skipulag fjarnáms við Háskólann á Akureyri
12. desember 2008

Efni: Skipulag fjarnáms við Háskólann á Akureyri

Um þessar mundir stendur yfir undirbúningur námsframboðs fjarnáms fyrir vormisseri bæði meðal háskóla landsins og fræðslumiðstöðvanna á landinu. Stofnanir innan Kvasis eru 9 alls og mynda heildarþjónustu við fullorðinsfræðslu á landsbyggðinni, þ.m.t. háskólanema við H.A.

Fræðslumiðstöðvarnar hafa mikla reynslu af þjónustu við háskólanema í fjarnámi, ekki síst frá Háskólanum á Akureyri, sem hefur eins og kunnugt er verið umfangsmikill í fjarnámsframboði á Íslandi. Alls staðar á landsbyggðinni er þjónusta í boði fyrir fjarnema Háskólans á Akureyri í gegnum fræðslumiðstöðvarnar. Sums staðar er um að ræða grunnþjónustu við prófatöku o.fl. slíkt, en annars staðar eru einnig rekin háskólanámsver með víðtækari þjónustu.

Það er eindregin afstaða stjórnar Kvasis að almennt skuli fjarnám ekki byggt á hópum eða lágmarksfjölda nema á hverjum stað. Slíkt fyrirkomulag þjónar fyrst og fremst stærri þéttbýlisstöðum, enda óraunhæft að ná saman mörgum nemum í sömu námsbraut á sama tíma í dreifbýli nema með fáum undantekningum. Þá skal bent á það að ein af grunnstoðum

háskólanámsveranna sem rekin eru af fræðslumiðstöðvum er samneyti nema úr ólíkum námsleiðum og jafnvel skólum. Annað atriði er það að í námsverunum fær fólk það „akademíska vinnuumhverfi“ sem það skortir annars ef unnið er eingöngu í heimahúsi. Með rekstri háskólanámsvera fyrir fjarnema skapast þannig umhverfi, samvinna og gagnkvæmur stuðningur sem skilar sér jafnan í auknum áhuga og staðfestu í náminu. Um þetta eru mörg dæmi í háskólanámsverum fræðslumiðstöðvanna.

Með hliðsjón af þeim aðstæðum sem ríkja á atvinnumarkaði og samfélaginu telja undirrituð það mjög heppilegt að stíga það skref að leggja almennt af kröfu um hópamyndun fjarnema á þessum tímapunkti.

Með vinsemd og þökkum**,**

Stjórn Kvasis,
Óli Halldórsson, (oli@hac.is) Forstöðumaður Þekkingarseturs Þingeyinga
Erla Björg Guðmundsdóttir, (erla@simey.is) Framkvæmdastjóri Símey
Inga Dóra Halldórsdóttir, (ingadora@simenntun.is) Forstöðumaður Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi

7.5 Tilraunanámskeið

TFR2103 Tölfræði (Samkvæmt kennsluskrá HA)

Umsjón: Guðmundur Kristján Óskarsson

Námslýsing: Í námskeiðinu er lögð áhersla á að kenna grundvallaraðferðir, hugtök og vinnubrögð í tölfræði og gagnaúrvinnslu sem nýtast í auðlindafræði, tölvunarfræði og viðskiptafræði.

Námsmarkmið: Að námskeiðinu loknu skal nemandinn:

- þekkja og skilja meðaltöl, vegin meðaltöl og miðgildi. Einnig dreifni, fervik, staðalvik og meðalvik,
- sýna færni í röðun og flokkun á frumgögnunum, gerð tíðnitaflna og grafa af ýmsum gerðum,
- skilja líkindareikning, líkindatré, tengslatöflur, samsett og skilyrt líkindi, slembibreytur og samlagningu þeirra,
- hafa þekkingu og skilning á líkindadreifingum; Tvíkosta-, Poisson- og Normal-, t-, kí-kvaðrats - og F-dreifingum,

- hafa lært undirstöðuatriði lýsandi og ályktandi tölfræði,
- kunni tilgátupróf fyrir meðaltöl, hlutföll og mismun þeirra,
- hafa lært fervikagreiningu (Anóva), mátpróf og tengslapróf. Línulega aðhvarfsgreiningu, jafna bestu línu og óvissa hallatölu hennar, fylgnistuðull og fylgnipróf,
- geti notað Excel við úrlausnir verkefna.

Námsmat: Verkefni 30%, próf 70%

Hugmyndir eru uppi um að sameina alla tölfræðiáfanga innan Háskólans á Akureyri í einn. Hægt væri að yfirfæra þessar hugmyndir mínar um námskeið óháð stað og stund á þann áfanga. Það að kenna sameiginlegan áfanga í tölfræði óháð stað og stund mundi auðvelda framkvæmd áfangans, meðal annars vegna þess að þá þarf ekki að taka tillit til mismunandi kennslufyrirkomulags fræðasviða/deilda.

Allt er þó ennþá óljóst hvað varðar þetta námskeið og hvort nokkuð verði af því. Deildir og fræðasvið eiga væntanlega líka eftir að fjalla um málið.

<u>Gera námskeiðið óháð stað og stund.</u>

Framtíðarmarkmið er að vera með eigið kennsluefni og þannig gera námskeiðið óháð kennslubókum sem koma í nýrri útgáfu á tveggja ára fresti.

Hugmyndin er að skipta námskeiðinu upp í fleiri sjálfstæðar blokkir þannig er hægt að bæta og þróa hverja blokk að vild.

(Möguleiki er þá að hafa fleiri blokkir og nemar geta þá klárað námskeiðið með mismunandi fjölda eða gerðum blokka.)

Hver blokk yrði uppbyggð með lesefni frá kennara (í byrjun yrði líka notuð kennslubók), ákveðnum fjölda af stuttum upptökum þar sem farið yrði yfir efnið og það útskýrt nánar og dæmasafni sem nemar eiga að reikna. Með dæmasafninu verða gerðar upptökur þar sem dæmin verða leyst og þau útskýrð nánar.

Að auki verða í hverri blokk æfingar og próf í netkennslukerfi sem nemandinn þarf að skila. (vinna sem hægt verður að telja til einkunnar).

Að lokum tekur nemandinn skriflegt lokapróf.

Í upphafi námskeiðs væri sett upp tímaáætlun sem nemar yrðu að fylgja. Þeir myndu fá ákveðinn tíma til að klára hverja blokk og gætu ekki byrjað á næstu fyrr en þeir væru búnir með blokkina á undan.

Til að byrja með er gert ráð fyrir að námskeiðinu verði skipt upp í 8-10 blokkir.

Til að gera þetta þá þarf tíma og aðstöðu.

Það þarf öflugustu tablet pc sem völ er á. Í henni þurfa að vera sérhæfð forrit svo hægt sé að editera upptökur og hljóð.

Það þarf upptökuvél með tilheyrandi aukabúnaði og hugsanlega stofu þar sem hægt er að taka upp efni.

Áður en verður byrjað

Áður en farið verður í þessa vinnu þarf að vera komið á hreint hver eigi höfundarréttinn af því efni sem búið verður til.

Greiðsluforsendur og núverandi fyrirkomulag tímaútreikninga má ekki rýra. Það að gera námskeið óháð stað og stund má ekki gera það að verkum að minna verði greitt fyrir námskeið. Hvernig greitt verður fyrir námskeiðið, þarf að vera búið að ganga frá.

Hvað vill Háskólinn á Akureyri gera til að þetta komist í framkvæmd? Svona breytingar eru ekki án kostnaðar. Hverju er skólinn tilbúinn að kosta til verkefnisins? Ætlar HA að styðja við bakið á verkefninu?

(Þess má geta að öflug tablet PC kostar í dag um 450.000 kr. sérhæfð forrit kosta einnig töluvert. Það þarf tíma)

Til að þetta verkefni eigi sér einhverja framtíð þá þarf vilji og stefna HA að vera skýr og fjarmagn í verkefnið tryggt. Er HA til dæmis tilbúinn til að breyta öllum sínum námskeiðum í námskeið óháð stað og stund ef þessi tilraun tekst vel? Er HA tilbúinn til að aðstoða/þjálfa/endurmennta kennara sína svo þeir geti tileinkað sér nýja kennsluhætti? Er HA tilbúinn til að leggja út í þann kostnað að gera námskeiðin þannig að þau séu óháð stað og stund?

Ef stefna og vilji HA er óskýr og vafi leikur á fjármögnun þá er betra að sleppa verkefninu.

Hvað svo?

Hvernig á að meta hvort verkefnið hafi tekist vel? Hverjir eiga að meta verkefnið? Hverjir eru mælikvarðarnir og forsendurnar? Tímarammi? Hvernig á að fylgja verkefninu eftir?

Námskeiðið Iðjuþjálfun barna og ungmenna – IBU0103

Aðlögun og breyting úr staðarnámi yfir í netnám

Námskeiðið fjallar um þjónustu iðjuþjálfa við börn og unglinga á mismunandi starfsvettvangi. Vorið 2010 var í fyrsta sinn lögð megináhersla á lausnaleitarnám. Lítið var um hefðbundna fyrirlestra en þess í stað unnu nemar að tilteknum viðfangsefnum (sögum) í tímum og utan. Kennari deildi út sögum í upphafi og þegar nemar höfðu leyst úr ákveðnum spurningum/úrlausnarefnum fengu þeir nánari upplýsingar og úrlausnarefni að kljást við. Yfirleitt var kennt í 2ja –3ja tíma lotum og hver slík lota hófst með því að nemar lögðu fram það sem þeir höfðu unnið á milli lotna. Vorið 2010 fór kennslan fram í staðarnámi en næsta ár skiptast nemar líkast til í einn staðarhóp og þrjá fjarnemahópa (samsetning verður að líkindum breytileg).

Við óskum m.a. eftir aðstoð og ráðgjöf við eftirfarandi þætti:

- Aðstoð við skipuleggja umræður í tímum yfir á umræðuþræði, Web ex og Skype.
- Hugmyndir um / þjálfun í nýtingu Web ex í innlagnarferlinu.
- Yfirfæra efni úr Blackboard yfir í Moodle
- Skipuleggja kennsluefnið þannig að um leið og nemar hafa leyst ákveðin úrlausnarefni opnist nýr gluggi með framhaldsupplýsingum.
- Skipuleggja aðgengi að heimaprófum og skyndiprófum þannig að allt slíkt gangi sem auðveldast og mest sjálfkrafa fyrir sig.
- Glæða kennsluefnið enn frekara lífi og bæta útlit kennsluumhverfisins
    - bæta við myndefni
    - taka upp stutt myndbrot úr starfi iðjuþjálfa
    - taka upp staka fyrirlestra (kennara við deildina og gestafyrirlesara) sem hægt er að nýta áfram .

Snæfríður Þóra Egílson og Sara Stefánsdóttir

Ekki var unnt að fá lýsingu á þriðja námskeiðinu þar sem hún lá ekki fyrir við lokavinnslu skýrslunnar en um er að ræða þverfaglegt námskeið um vinnulag.